

AÐALSKIPULAG AKRANESS 2018-2030

GREINARGERÐ STEFNA, SKIPULAGSÁKVÆÐI OG UMHVERFISSKÝRSLA

DRÖG AÐ ENDURSKOÐUÐU AÐALSKIPULAGI – 8. DESEMBER 2017



**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

© Akraneskaupstaður 2017

© Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2017

Ljósmyndir:

© Árni Ólafsson

Afritun einstakra hluta úr bók þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða bókarinnar í heild, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi rétthafa.

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	5
1.1. Meginatriði skipulagstillögunnar	6
1.2. Framsetning.....	8
1.3. Helstu skipulagsforsendur	9
1.4. Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir	12
1.5. Stefna - markmið	14
2. Landnotkun	15
2.1. Almenn atriði.....	15
2.1. Skilyrði fyrir deiliskipulagsgerð	16
2.2. Íbúðarsvæði (ÍB)	17
2.3. Miðsvæði (M).....	21
2.4. Svæði fyrir verslun og þjónustu (VÞ)	24
2.5. Svæði fyrir samfélagsþjónustu (S).....	26
2.6. Opin svæði, útivistarsvæði (op)	28
2.7. Íþróttasvæði (ÍÞ)	30
2.8. Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF).....	31
2.9. Kirkjugarðar og grafreitir (K)	31
2.10. Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)	31
2.11. Athafnasvæði (AT).....	32
2.12. Iðnaðarsvæði (I).....	34
2.13. Hafnarsvæði (H)	36
2.14. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).....	38
2.15. Landbúnaðarsvæði (L).....	39
2.16. Svæði fyrir frístundabyggð (F).....	39
2.17. Strandsvæði (ST).....	39
3. Verndarákvæði og takmörkun á landnotkun	41
3.1. Náttúruvernd.....	41
3.2. Menningarminjar	45
3.3. Vatnsvernd	48
3.4. Svæði undir náttúruvá.....	49
4. Samgöngu- og þjónustukerfi	51
4.1. Gatnakerfi.....	51
4.2. Stígakerfi	52
4.3. Almenningsamgöngur	52
4.4. Flugvellir, hafnir	53
4.5. Veitur.....	53
5. Umhverfisskýrsla	55
5.1. Yfirlit	55
5.2. Mat á stefnu.....	55
5.3. Samanburður skipulagskosta	56

5.4.	Umhverfisþættir, sem verða fyrir áhrifum	58
5.5.	Umhverfisvandamál	58
5.6.	Heildaráhrif, samlegðaráhrif	60
5.7.	Vöktun og mótvægisaðgerðir.....	60
5.8.	Samantekt	60
6.	Breytingar	63
6.1.	Staðfestar breytingar á gildandi aðalskipulagi	63
6.2.	Breytingar frá Aðalskipulagi Akraness 2005-2017	63
6.3.	Breytingar, málsmeðferð	65
7.	Kynning, afgreiðsla og samþykkt	69
7.1.	Kynning og samráð	69
7.2.	Auglýsing og afgreiðsla athugasemda	70
7.3.	Samþykkt.....	71
8.	Skipulagsuppráttur	73
8.1.	Aðalskipulagsuppráttur, smækkaður í mkv. 1:30.000	73
9.	Viðauki	75
9.1.	Hús sem njóta friðunar skv. almennum ákvæðum.....	75



Mynd 1.1 Núverandi byggð, bæjarmörk og helstu örnefni.

1. INNGANGUR

Aðalskipulag Akraness 2005-2017 var staðfest af umhverfisstjórn 26.4. 2006. Við gerð þess var unnin víðtæk stefna, sem byggðist annars vegar á þeim áætlanum, sem fyrir lágu í ýmsum málaflokkum, og íbúáþingi, sem haldið var haustið 2003. Það var mat bæjarstjórnar Akraness að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2010 að þörf væri á endurskoðun nokkurra þátta aðalskipulagsins. Ekki síst var það vegna fólksfjölgunar á árabílinu 2005-2008, sem var langt umfram mannfjöldaspa aðalskipulagsins. Áherslur höfðu einnig breyst á öðrum sviðum s.s. um uppbyggingu hafnarinnar. Á íbúáþingi sem var haldið í desember 2010 var kom fram áhersla á umhverfismál og bæjarumhverfi svo og fjölskyldu- og íþróttabæinn Akranes.

Lýsing og verkáætlun skipulagsendurskoðunarinnar, áfangaskýrsla 1, var auglýst í nóvember 2011. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins og Kirkjugarðaráði.

HELSTU VIÐFANGSEFNI ENDURSKOÐUNAR

- Íbúáþróun, endurmat á íbúðarþörf og landþörf.
- Breytingar á hafnarsvæði. Fallið frá gerð Skarfatangahafnar.
- Endurskoðun á afmörkun framtíðaríbúðarsvæða, stækkun Skógahverfis.
- Endurskoðun göngu-, hjóla- og reiðstígakerfis.
- Kirkjugarður.
- Svæði fyrir garðyrkjustöð austan Miðvogs (gert með breytingu á gildandi aðalskipulagi 2015).
- Viðfangsefni, sem bættust við á verktíma:
 - Sementsreitir (gert með breytingu á gildandi aðalskipulagi 2017).
 - Stækkun miðsvæðis 208-M, Dalbrautarreitir (gert með breytingu á gildandi aðalskipulagi 2017).
 - Stækkun tjaldsvæðis í Kalmansvík, svæði 215.

SEMENTSREITUR OG DALBRAUTARREITUR

Í aðalskipulaginu frá 2005 var stefna um að ef breyting yrði á rekstri eða staðsetningu sementsverksmiðjunnar yrði svæðið tekið undir íbúðarbyggð eftir því sem aðstæður leyfðu. Samt sem áður var gert ráð fyrir að verksmiðjan yrði áfram enda lágu ekki ákveðin áform um annað fyrir á þeim tíma. Sama staða var uppi þegar lýsing þessarar endurskoðunar var unnin.

Akranesbær lagði á sínum tíma til land undir Sementsverksmiðju ríkisins og þegar ljóst var að starfsemi verksmiðjunnar yrði hætt varð að samkomulagi að landið félli aftur til bæjarins. Í árslok 2013 tók Akraneskaupstaður við sementsreitnum. Haldið var íbúáþing og íbúafundur í

ársbyrjun 2014 um frumhugmyndir um nýtingu svæðisins og var hafin vinna við gerð deiliskipulags þess í ársbyrjun 2016. Tillögur að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi voru auglýstar og samþykktar 2017.

Stækkun miðsvæðis milli Dalbrautar og Þjóðbrautar var einnig viðfangsefni endurskoðunar aðalskipulagsins, sem tekið var út úr ferlinu og auglýst sérstaklega árið 2017.

SKIPULAGSVINNAN

Helstu forsendur aðalskipulagsins eru í meginatriðum þær sömu og við gerð aðalskipulagsins 2005 burtséð frá umfjöllum um lýðtölur, mannfjölda og mannfjöldaspá. Sá þáttur var endurskoðaður í áfangaskýrslu 2, Mannfjöldi og íbúðarhúsnæði, september 2012. Forsenduhefti var síðan yfirfarið og uppfært í maí 2013. Enn voru forsendur yfirfarnar 2015, 2016 og 2017 og er nú gerð grein fyrir þeim í kafla 1.3.

Skipulagsnefnd hefur yfirfarið stefnu og markmið í þeim málaflokkum sem felast í aðalskipulaginu. Nokkrar áherslu- og orðalagsbreytingar eru gerðar en engar grundvallarbreytingar aðrar en breyting á hafnarsvæði. Stefna bæjarstjórnar í þeim málaflokkum sem aðalskipulagið tekur til er sett fram sem leiðarljós og meginmarkmið. Leiðarljós er yfirskrift meginmarkmiða um umhverfi, byggð, samgöngur og þjónustukerfi.

Ákveðið var að fyrirliggjandi skipulagsgögn aðalskipulagsins yrðu endurskoðuð og uppfærð, en ekki endurnýjuð frá grunni.


Endurskoðun aðalskipulagsins er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. og hafa Gylfi Guðjónsson, Árni Ólafsson, Jóhann Einar Jónsson arkitektar og Lilja Filippusdóttir landslagsarkitekt unnið að verkinu.

Endurskoðun skipulagsins hefur tekið nokkurn tíma og nær yfir tvö kjörtímabil. Verkið hófst undir stjórn Runólfs Þórs Sigurðssonar byggingar- og skipulagsfulltrúa og Þorvalds Vestmann þáverandi framkvæmdastjóra Skipulags- og umhverfisstofu. Hildur Bjarnadóttur kom að verkinu sem skipulagsfulltrúi fram á haust 2015.

Lokaáfangi endurskoðunarinnar var unninn undir stjórn Sigurðar Páls Harðarsonar sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs í samvinnu við skipulags- og umhverfisráð. Í skipulags- og umhverfisráði frá vori 2014 voru Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir og Valgarður L. Jónsson en Kristín Sigurgeirsdóttir og Jóhannes Karl Guðjónsson voru áheyrnarfulltrúar.

1.1. MEGINATRIÐI SKIPULAGSTILLÖGUNNAR


Endurskoðun Aðalskipulags Akraness 2005-2017 felur í sér uppfærslu eldra skipulags og byggist í meginatriðum á sömu gögnum. Skipulagsuppráttur er uppfærður til samræmis við skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en forsenduhefti og greinargerð byggir í meginatriðum á sama



Mynd 1.2 Langisandur og sementsverksmiðjan.

texta og efnistöfum og gildandi aðalskipulag. Kaflaskiptingu greinargerðar er breytt og efni hennar endurráðað í samræmi við nýju skipulagsreglugerðina. Með því er leitast við að gera meginatriði aðalskipulagsins aðgengilegri og skýrari. Við endurskoðunina var fyrst og fremst litið til eftirfarandi þátta.

- **Íbúapróun og landþörf undir íbúðarbyggð.** Á árunum 2004-2008 fjölgaði bæjarbúum mun hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Útlit var fyrir skort á byggingarlóðum með sama áframhaldi. Við efnahagshrunið breyttust forsendur hins vegar og hægði verulega á byggingariðnaði eins og um land allt.
 - Líklegt er að á síðustu árum hafi staða á íbúðamarkaði á höfuðborgarsvæðinu haft áhrif á vöxt Akraness og hefur fjölgað á Skaganum um rúm 2% á ári frá 2015. Nauðsynlegt var því enn á ný að endurmeta áætlanir um fólksfjölda, íbúðarþörf og landþörf.
- **Hafnarsvæði.** Í aðalskipulaginu frá 2005 er gert ráð fyrir mikilli stækkun Akraneshafnar, svo nefndri Skarfatangahöfn. Framkvæmdin er ekki talin raunhæf að mati Siglingastofnunar og er því ákveðið að fella hana út úr aðalskipulagi og minnka umfang landfyllinga verulega.
- **Endurskoðun á afmörkun framtíðaríbúðarsvæða.** Með það að markmiði að ná nægum íbúðafjölda fyrir eitt skólahverfi er talið nauðsynlegt að stækka Skógahverfi til norðurs á kostnað skógræktarsvæða, sem þar hafa verið afmörkuð.
- **Endurskoðun stígakerfa.** Nauðsynlegt var talið að endurskoða skipulag meginstígakerfis og reiðleiða.
- **Landnotkun.**
 - Í upphafi verks stefnt að því að nýr kirkjugarður yrði austan Skógahverfis. Horfið var frá því og er nú stefnt á stækkun núverandi garðs.
 - Miðsvæði 108-M (Dalbrautarreitur) var stækkað til norðurs og er þar gert ráð fyrir þéttri blandaðri byggð atvinnustarfsemi og íbúða. (Aðalskipulagsbreyting 2017)
 - Gert er ráð fyrir möguleika á íbúðarbyggð á efri hæðum á atvinnusvæðum við Ægisbraut, svæði 130-AT og 201-AT.
- Ýmsar **minni háttar breytingar** voru gerðar við endurskoðunina, þar á meðal leiðréttingar, sem ekki verða tíundaðar sérstaklega. Felld er út skilgreiningin „skipulagi frestað“ sem átti við fyrirhugað vegstæði Grunnafjarðarleiðar efst í bæjarlandinu. Í stað þess er afmarkað óbyggt svæði með sérákvæðum.
- Á seinni stigum endurskoðunar skipulagsins voru skipulagsgögn færð til samræmis við ákvæði nýrrar **skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.**



Mynd 1.3 Yfirlitsmynd fyrir merkingu landnotkunarreitna.

Í 6. kafla er listi yfir þær breytingar, sem gerðar eru á skipulagsuppdrætti og greinargerð.

1.2. FRAMSETNING

1.2.1. Skipulagsgögn

Tillaga að Aðalskipulagi Akraness 2018-2030 er sett fram með eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð, stefna og skipulagsákvæði, uppfærð drög, 8. desember 2017.
- Aðalskipulagsuppdráttur nr. 8.1, uppfærð drög, 8. desember 2017.

Áfangaskýrsla 3, Aðalskipulag Akraness 2013-2025 – Forsendur, mars 2013, er fylgiskjal með skipulagsáætluninni. Stutt ágríp af helstu forsendum, uppfært 2017, er í kafla 1.1.3.

Skýringaruppdrættir eru í greinargerð til glöggvunar við lestur greinargerðarinnar. Ef ósamræmi kemur fram milli skýringaruppdráttar í greinargerð og aðalskipulagsuppdráttar gildir aðalskipulagsuppdrátturinn.


Formleg skipulagsgögn eru greinargerð þessi með stefnu og skipulagsákvæðum og aðalskipulagsuppdráttur nr. 8.1.

1.2.2. Landnotkunarreitir


Gerð er grein fyrir landnotkunarreitum í greinargerð þannig að fjallað er um nánast hvern reit eða hvert svæði bæjarlandsins. Hver landnotkunarreit er merktur á uppdrætti með númeri og bókstaf. Landnotkunarreitir munu halda númeri sínu þótt landnotkun verði breytt og verður þá bókstafsmerkingu reitsins breytt. Númerin vísa til staðsetningar sbr. mynd 1.3. Í töflu í greinargerð er tilgreind stærð reita í hekturum (1 ha = 100x100 m = 10.000 m²), heiti eða afmörkun, almenn lýsing og skipulagsákvæði. Þessi uppsetning er gerð til þess að auðvelda viðhald skipulagsins, breytingar og þróun þar sem vísun í svæði og ákvæði er skýr og ótvíræð.

Skilgreining landnotkunarreita og framsetning skipulagsuppdráttar miðast við skipulagsreglugerð nr. 90/2013.


Almenn regla er að landnotkunarreitir mætast í miðlínunum gatna. Flatarmál reita er því brúttóstærð sem felur í sér gatnakerfið. Samanlagt flatarmál landnotkunarreita gefur því einnig heildarflatarmál byggðar eða skipulagðs lands. Á skipulagsuppdrætti eru aðalgötur, þ.e. stofnbrautir og tengibrautir, lagðar ofan á reitina og fela þar af leiðandi markalínu þeirra þar sem svo ber undir. Aðalgötur í innra gatnakerfi bæjarins (safngötur) og tengingar við aðalgatnakerfið, sem liggja yfir óbyggt land, eru sýndar á aðalskipulagsuppdrætti. Að öðru leyti eru tengingar einstakra svæða skilgreindar í deiliskipulagi og ekki sýndar á aðalskipulagsuppdrætti. Allt núverandi gatnakerfi er sýnt á grunnkortu til glöggvunar. Grunnkortslínur hafa ekki skipulagsgildi.



Mynd 1.4 Fólksfjöldi og atburðir í atvinnusögu Akraness 1889-2011.



Mynd 1.5 AR-líkan. Spár um mannfjölda á Akranesi til 2025.¹



Mynd 1.6 Framreikningur mannfjölda á Akranesi til 2030, tilgáta.

Landnotkunarreitir, s.s. íbúðarsvæði, sýna meginatriði og heildarmynd. Ekki eru skilgreind sérstök útfærsluatriði og smáatriði sem miðað er við að komi fram í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Þetta á t.d. við um leikvelli, lítil opin svæði innan byggðar og einstök hús eða lóðir þar sem nú er starfsemi sem víkur frá meginlandnotkun, svo fremi sem hún er í samræmi við þann sveigjanleika sem skilgreindur er fyrir viðkomandi landnotkunarflokk (dæmi: verslun eða minni háttar atvinnustarfsemi, sem ekki hefur neikvæð áhrif á nánasta umhverfi, í íbúðarhverfi).

Á mörgum skipulagsreitum er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi – þ.e. engum breytingum. Þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi verða ekki gerðar breytingar á umhverfi nema með formlegri skipulagsgerð eða grenndarkynningu skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga þar sem um minni háttar framkvæmdir er að ræða.

1.3. HELSTU SKIPULAGSFORSENDUR

1.3.1. Mannfjöldi

1. janúar 2017 bjuggu 7.051 íbúar á Akranesi. Íbúum hafði fjölgað jafnt og þétt frá því um 1998, mest frá 2005 til 2008. Eftir það hægði verulega á og nokkur fækkun varð 2009-2010 og 2011-2012. Síðan þá hefur íbúum fjölgað verulega.

Gerð hefur verið spá um mannfjölda á Akranesi 2020 og 2025.¹ Við gerð aðalskipulagsins er miðað við svo nefnt AR-líkan (e. Auto Regressive), sem byggir á íbúafjölda og hagvaxtarþróun 1945-2013. Í líkaninu er meðal annars litið til launaþróunar, vinnumarkaðsþátta og viðburða, sem hafa haft bein áhrif á íbúapróun á Akranesi. 1. janúar 2017 var íbúafjöldi kominn fram úr hófstílltri íbúaspá fyrir 1. desember sama ár. Ef tekið er mið af hófstílltri spá líkansins og breyttum forsendum (íbúafjölda 1. des. 2017) má reikna með að íbúum fjölgi um 561 manns næstu 8 árin frá 2017 og að þeir verði um 7.600 árið 2025 en í mesta lagi um 8.300 það ár miðað við bjartsýnisspá.

Ef litið er á einfalda framreikninga miðað við þróun undanfarinna ára má taka þrjú dæmi sbr. mynd 1.6. Í fyrsta lagi er miðað við 2% árlega fjölgun eins og tvö síðustu ár, í öðru lagi rúmlega 1% árlega fjölgun sem er meðaltal síðustu 10 ára og loks um 1,3% árlega fjölgun sem er meðaltal síðustu 5 ára. Með þessu fæst viðmiðun um mannfjölda 2030 á bilinu 8.000-9.100 íbúar. Tekið er mið af hærri tölunni, 9.100 íbúum, við mat á landþörf undir íbúðarbyggð.

¹ Vífill Karlsson. Mannfjöldaspá fyrir Akranes árin 2020 og 2025. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Mars 2015.

Búferlaflutningar hafa mikil áhrif á mannfjöldatölur, bæði á landinu öllu og hverjum stað fyrir sig. Með bættem samgöngum hefur Akranes tengst höfuðborgarsvæðinu betur en áður og eru vísbendingar um að staða á húsnæðismarkaði þar hafi aukið aðflutning fólks á Skagann.

1.3.2. Aldursskipting

Ef miðað er við 9.100 íbúa í lok skipulagstímabilsins (fjölgun um 2.100 manns) má áætla að börum á grunnskólaaldri fjölgi um u.þ.b. 200. Börn á þeim aldri eru nú um 15% af íbúafjöldanum en verða um 9% í lok tímabilsins. Þessi fjölgun nemur tæplega einni bekkjardeild í hverjum árgangi ef hún dreifist jafnt. Varla verður þörf fyrir nýjan grunnskóla og viðbúnaður í skólakerfinu verður líklega mögulegur innan núverandi stofnana eða með minni háttar viðbótum við þær (t.d. skólasel í Skógahverfi).

Gera má ráð fyrir að hlutfall barna og ungmenna lækki (fjölgun um 400) svo og fólks á starfsaldri 20-69 ára (fjölgun um 1000) sem verður um helmingur íbúa í lok skipulagstímabilsins en hlutfall aldraðra hækkar umtalsvert (fjölgun um 700, úr 650 í 1350 manns) þar sem stórir árgangar ná þeim aldri á næstu árum. Því er ástæða til þess að huga að málefnum og húsnæðismálum rosins fólks og aldraðra í tíma.


1.3.3. Íbúðir

Árið 2016 bjuggu að meðaltali um 2,64 íbúar í hverri íbúð á Akranesi. Út frá breyttri aldursskiptingu og breytingum á fjölskyldustærð (lækkandi fæðingartíðni, hækkandi meðalaldri og að fleiri einstaklingar haldi heimili) mætti ætla að æ færri búi að meðaltali í hverri íbúð. Aðflutningur ungra fjölskyldna með börn hefur hins vegar vegið á móti þessari annars fyrirséðu breytingu undanfarin ár. Þetta meðaltal mun samt sem áður lækka á næstu áratugum.


5 ára millibil	1996	2001	2006	2011	2016	Viðmið 2030
Íbúafjöldi	5074	5520	5786	6623	6908	
Fjöldi íbúða	1759	1890	2205	2544	2615	
Íbúar/íbúð	2,88	2,92	2,62	2,60	2,64	2,5

Hér verður miðað við að meðalíbúafjöldi í íbúð verði um 2,5 í lok skipulagstímabilsins og er það tekið sem dæmi fyrir áætlanir um íbúðarþörf. Miðað við það verður þörf fyrir rúmlega 800 (600-1.030) nýjar íbúðir á skipulagstímabilinu sem samsvarar um 40 hektara landþörf miðað við að þéttleiki nýrrar byggðar verði um 20 íbúðir á ha (íb/ha).



Hlutfall aldurshópa 2017



Hlutfall aldurshópa Tilgáta - 2030



Mynd 1.7 Hlutfallsskipting aldurshópa 2017 og tilgáta fyrir 2030.



Mynd 1.8 Aldurspíramídar, hlutfallsskipting aldurshópa 2017.

1.3.4. Atvinnumál

Ekki eru tiltækar nýjar tölur um atvinnugreinar og atvinnulíf á Akranesi þar sem engin opinber stofnun sinnir lengur gagnaöflun og greiningu á því sviði. Stuðst við sömu gögn og við síðustu endurskoðun aðalskipulags Akraness og eru áætlanir um atvinnuþróun, störf og landþörf ekki endurskoðaðar. Í ársbyrjun 2017 verða gögn um atvinnulíf og atvinnuþátttöku aðgengileg hjá Hagstofu Íslands og verða þau rýnd og greind.

Mannfjöldaspáin (AR-líkanið) tekur mið af atvinnuþróun og uppbyggingu bæði á Akranesi og á Grundartanga. Starfsemi á Grundartanga og fyrirhuguð uppbygging þar skiptir miklu máli fyrir Skagann.

Líklegt er að ný störf skiptist milli atvinnugreina að mestu leyti á svipaðan hátt og núverandi skipting starfa í sveitarfélaginu en þó með auknu vægi starfa í hvers kyns þjónustu og viðskiptum. Í grófum dráttum má miða við að vöxtur þessara greina nemi sem næst öllum nýjum störfum sem reiknað er með. Einnig má búast við sem næst óbreyttum fjölda starfa í öðrum atvinnugreinum þrátt fyrir lækkandi hlutfallstölu þeirra.

1.3.5. Landþörf

Byggðin innan þjóðvegjar þekur um það bil þriðjung af heildarflatarmáli sveitarfélagsins. Norðan þjóðvegjar eru byggingarsvæði fyrir atvinnufyrirtæki og iðnað meðfram þjóðveginum til norðurs. Einnig hefur verið gert ráð fyrir íbúðarbyggð norðan Kalmansvíkur og þjóðvegjar.

Út frá óljósum forsendum verður miðað við að um 1.500 – 2000 störf þurfi til þess að viðhalda atvinnustigi í bænum. Ef miðað er við að hvert starf krefjist að meðaltali 78 m² lands verður landþörf fyrir atvinnustarfsemi um 12-16 ha á skipulagstímabilinu. Uppbygging á Grundartanga er á bak við hluta nýrra starfa en nokkrum hluta landþarfar vegna nýrra starfa verður mætt á svæðum innan núverandi byggðar á lóðum sem þegar er búið að taka í notkun en eru ekki fullnýttar auk þess sem gera má ráð fyrir endurnýjun byggðar, bæði í miðbæ og á eldri athafnasvæðum. Að auki er gert ráð fyrir rúmgóðum athafna og iðnaðarsvæðum í Garðaflóa (um 35 ha). Talsvert svigrúm verður því til þess að bregðast við nýjum áformum og forsendum í atvinnuuppbyggingu í bæjarfélaginu.

Í árslok 2013 tók Akraneskaupstaður við sementsreitnum og verður hann tekinn undir blandaða byggð, íbúðir og miðbæjarstarfsemi (svæði 118 M og 119 Íb). Þar verður tiltölulega þétt byggð með um 350 íbúðum. Svæðið mun væntanlega byggjast upp á löngum tíma. Á Dalbrautarreit (svæði 108-M) verða um 200 íbúðir í þéttari blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi. 1. áfangi Skógahverfis verður væntanlega fullbyggð innan nokkurra ára en þar eru um 200 íbúðir óbyggðar. Fyrir liggur deiliskipulag 2. áfanga Skógahverfis (svæði 406 Íb), sem þarf að endurskoða að hluta vegna breyttrar afmörkunar í norðri. Ekki liggur fyrir

deiliskipulag 3. áfanga hverfisins (svæði 407 Íb). Í hverfinu eru rúmlega 40 ha óbyggðir sem rúma um 800 íbúðir miðað við að þéttleiki byggðar verði 20 íb/ha. Innan Þjóðvegjar má því grófáætla að rými sé fyrir a.m.k. 1.300-1.400 nýjar íbúðir.

Svo nefnt Hausthúsahverfi, svæði 504-ÍB norðan Kalmansvíkur, er sýnt á skýringarmynd í greinargerð en ekki er gert ráð fyrir að þörf verði fyrir það undir íbúðarbyggð á skipulagstímabilinu.

1.4. SAMRÆMI VIÐ AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR

1.4.1. Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2026. Í henni er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

3. kafli stefnunnar fjallar um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Meginmarkmið þar er að „þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.“ Eftirtaldir liðir landsskipulagsstefnu eig helst við aðalskipulag Akraness.


SJÁLFBÆRT SKIPULAG ÞÉTTBÝLIS.

3.2.1 Vöxtur þéttbýlisstaða.


Lögd er áhersla á uppbyggingu bæjarins innan þjóðvegjar sem markar skýr skil milli þéttbýlis og upplands. Einnig er lögd áhersla á blandaða byggð ólíkra húsagerða annars vegar og blöndu íbúðarbyggðar og atvinnustarfsemi á vissum svæðum hins vegar.

3.2.2 Hagkvæm uppbygging.

Á byggingarsvæðum næstu áratuga er gert ráð fyrir tiltölulega þétri byggð með fjölbreyttum húsnæðiskostum. Fjölbreytni vinnur gegn félagslegri og efnahagslegri flokkun.



Mynd 1.9 Aldursdreifing íbúa á Akranesi árið 2025 skv. hófstílltri íbúaspá.¹



Mynd 1.10 Hlutfall aldurshópa 2011, 2015 og 2025 (spá). Byggt á gögnum Hagstofunnar og AR-spá frá 2015.



Mynd 1.11 Grásleppukarlar eftir Jón Pétursson.

GÆÐI HINS BYGGÐA UMHVERFIS.

3.3.1 Gæði byggðar og bæjarrýma.

Áhersla er lögð á vandaða bæjarmynd og fallett bæjarumhverfi. Byggingararfur eldri hluta bæjarins er merkilegur og verður tekið mið af niðurstöðum húsakönnunar við uppbyggingu og endurbætur þar.

3.3.2 Heilnæmt umhverfi.

Fráveitukerfi bæjarins hefur verið endurnýjað með dælustöðvum, hreinsistöð og útrás og teljast fráveitumál í góðu horfi og í samræmi við ákvæði og markmið reglugerða. Á nýjum byggingarsvæðum er hugað að vistvænum ofanvatnslausnum þar sem það á við.

SJÁLFBÆRAR SAMGÖNGUR.

3.5.2 Samgöngur í þéttbýli.

Akranes er hjólréiðabær og aðstæður þar ákjósanlegar fyrir þann ferðamáta. Stofnstígar eru meginhjóllaleiðir þar sem stefnt er að endurbótum og aðgerðum til þess að auðvelda hjólréiðar og gera þær öruggari.

NÁTTÚRUVÁ OG LOFTSLAGSBREYTINGAR.

3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvár og umhverfisbreytinga.

Á Akranesi stafar helst hætta af sjávarflóðum. Varnargarðar hafa verið gerðir þar sem talin var flóðahætta og við skipulag nýrrar byggðar nálægt ströndinni s.s. á Sementsreit er tekið mið af spám um áhrif fyrirsjáanlegra loftslagsbreytinga.

1.4.2. Kerfisáætlun Landsnets 2016-2025

Nýtt tengivirki Landsnets var reist á Akranesi 2015-2016. Bærinn tengist bæði Brennimel og Andakílsárverkjun á 66 kV svæðisflutningskerfi Landsnets. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Akranesi á gildistíma áætlunarinnar.

1.4.3. Svæðisskipulag

Ekkert svæðisskipulag er í gildi á svæðinu.

1.4.4. Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020.

- Í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar er gert ráð fyrir þéttbýli við sveitarfélagamörkin austan Akraness með hámarksþéttleika byggðar 20-25 íb/ha. Gatnakerfi aðliggjandi

hverfa á Akranesi er með þeim hætti að auðveldlega má tengja safngötu til austurs en Innnesvegur (tengibraut) verður megintenging svæðanna.

- Ekki er gert ráð fyrir Grunnafjarðarleið í aðalskipulaginu.
- Gert er ráð fyrir vatnsbólum, vatnsverndarsvæðum og stofnlögn vatnsveitu Akraness í aðalskipulaginu.
- Ekki eru sýndar reiðleiðir austur úr landi Akraness ofan og neðan golfvallar. Sveitarfélagsuppdráttur Hvalfjarðarsveitar og aðalskipulagsuppdráttur Akraness eru ekki sambærilegir hvað nákvæmni varðar þar sem aðalskipulag Akraness er allt unnið í mælikvarða 1:10.000 og með nákvæmni þéttbýlisuppdráttar. Nákvæm samræming á því ekki við í þessu tilviki. Nauðsynlegt er að haga skipulagi reiðleiða með þeim hætti að slíkri umferð verði ekki beint inn í íbúðarbyggð á Akranesi.

1.4.5. Deiliskipulag

Gildandi deiliskipulagsáætlanir og fyrirliggjandi drög að deiliskipulagi einstakra svæða hafa verið höfð til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins.

1.5. STEFNA - MARKMIÐ

Við gerð Aðalskipulags Akraness 2005-2017 var mörkuð stefna, sem byggðist annars vegar á íbúáþingi, sem haldið var haustið 2003, og hins vegar fjölda samþykktu og áætlana, sem til voru um flesta þá málaflokka, sem fjallað var um í aðalskipulaginu. Á íbúáþingi, sem haldið var í desember 2010, voru áherslur svipaðar og á þinginu 2003, þ.e. á fjölskyldu- og íþróttabæinn Akranes ásamt umhverfismálum, útivist og bæjarumhverfi.

Skipulags- og umhverfisnefnd dró saman og samræmdi sett markmið og sjónarmið í þrepskipta stefnu aðalskipulagsins með leiðarljósi, meginmarkmiðum málaflokka og undirmarkmiðum. Við endurskoðun aðalskipulagsins á árinu 2012 var stefnan endurmetin og uppfærð miðað við breyttar forsendur, árangur og ný sjónarmið eftir því hvað við átti. Nokkrar minni háttar breytingar voru gerðar en meginatriði eru óbreytt fyrir utan það að fallið er frá áformum um stórfellda stækkun hafnarinnar.

LEIÐARLJÓS

Á Akranesi skulu vera góðar aðstæður fyrir öflugt og fjölbreytt atvinnulíf og fjölskylduvæn búsetuskilyrði í heilnæmu umhverfi, fallegum bæ með traustum samgöngum.



Mynd 2.1 Íbúðarbyggð við Leynisbraut.

2. LANDNOTKUN

2.1. ALMENN ATRIÐI

Í þessum kafla greinargerðarinnar er fjallað um þá þætti sem lúta að landnotkun skipulags-tillögunnar, þ.e. byggingarsvæði hvers konar og opin svæði.

Í aðalskipulagi koma fram meginatrið um landnotkun og miðast merking á skipulagsuppdrætti við ráðandi landnotkun á viðkomandi reitum. Innra skipulag reita, lóðamörk, þéttleiki, nýtingarhlutfall eða byggingarmagn, blönduð landnotkun og gatnakerfi er eða verður ákvarðað í deiliskipulagi.

Í lok hvers kafla er tafla með númeri hvers landnotkunarreits, heiti, flatarmáli í ha, lýsingu og skipulagsákvæðum. Sett er fram stefna eða viðmiðun um þéttleika byggðar þar sem ástæða er til. Er það ýmist gert með nýtingarhlutfalli svæðisins (N), fjölda íbúða á hvern hektara (10.000 m²) lands (íb/ha) eða tilteknum íbúðafjölda. Nýtingarhlutfall er hlutfall samanlagðs gólfflatar bygginga og flatarmáls lands (gólfflötur/landflötur). Þéttleiki svæða, íb/ha, á við brúttóflatarmál reita að miðlínnum aðliggjandi gatna. Í mörgum tilvikum er ákvörðun um nýtingu vísað í deiliskipulag.

Þar sem skipulagsreitir eru taldir fullmótaðir eða fullbyggðir (skipulagsákvæði: fullgert, óbreytt, óbreytt landnotkun) er miðað við að breytingar, viðbyggingar og endurnýjun verði mögulegar í samræmi við ákvæði deiliskipulags eða grenndarkynningar.

Þar sem deiliskipulag eldri hverfa er ekki fyrir hendi verða breytingar á byggð ákvarðaðar með gerð nýs deiliskipulags nema um sé að ræða minni háttar frávik sem unnt er að afgreiða með grenndarkynningu.

Lögð skal áhersla á vandað bæjarumhverfi með fallegri bæjarmynd sem hafi jákvæð áhrif á lífsgæði íbúa og auki aðdráttarafl bæjarins.

Akraneskaupstaður leggur áherslu á öflugt og fjölbreytt atvinnulíf sem bæði byggist á hefðbundnum atvinnugreinum og nýsköpun.

Á Akranesi skal vera fjölskylduvænt bæjarumhverfi sem mætir þörfum íbúa fyrir húsnæði, þjónustu, tómstundir, íþróttir og útivist. Stuðlað skal að fjölbreyttum möguleikum til náms og menningarstarfsemi.

- Akranes á að vera áhugaverður og aðlaðandi bær í virku samhengi við byggðina á höfuðborgarsvæðinu.
- Á Akranesi eiga að vera fyrirmyndar aðstæður fyrir fjölskyldufólk, þ.e. gott, fallegt, öruggt og þroskandi uppeldisumhverfi fyrir börn og ungmenntu.

- Viðhalda skal þeim jákvæðu eiginleikum bæjarumhverfisins sem ljá bænum sérstöðu og einkenni. Unnið verði að endurbótum á bæjarmynd og umhverfi þar sem þess er þörf m.a. með þéttingu byggðar. Með þéttingu byggðar verði enn fremur leitast við að auka hagkvæmni tæknilegra og félagslegra þjónustukerfa.
- Lögð skal áhersla á listræn vinnubrögð við mótun bæjarmyndarinnar og fegrun bæjarumhverfisins m.a. með skúlptúrum og útilistaverkum.
- Á skipulagstímabilinu verði vöxtur íbúðarbyggðar fyrst og fremst sunnan Þjóðvegjar.
- Á Akranesi verði byggð að jafnaði ekki hærri en þrjár til fjórar hæðir. Frávik til hækkunar verði markviss og rökstudd.

Unnið verði markvisst að skipulags- og umhverfismálum í anda framkvæmda-áætlunar umhverfismála (Staðardagskrár 21) með það að markmiði að gera bæjarfélagið sem vænlegast til húsetu og reksturs fyrirtækja.

- Áfram verði leitað leiða við að auka þátttöku almennings í skipulagsmálum, þannig að sjónarmið sem flestra komi fram.



Mynd 2.2 Vesturgata.

2.1. SKILYRÐI FYRIR DEILISKIPULAGSGERÐ

Hver landnotkunarreitir aðalskipulagsins er merktur með númeri og bókstaf sbr. kafla 1.2.2 og er umfjöllun um hvern reit í kafla um viðkomandi landnotkun. Margir reitir eru taldir fullbyggðir en við aðra eru sett nýtingarákvæði og/eða sjónarmið um útfærslu. Ákvæði um mörg svæði munu teljast fullnægjandi stefna fyrir gerð deiliskipulags þannig að ekki verður þar þörf á gerð sérstakrar lýsingar vegna frekari skipulagsvinnu.

Ef unnið verður deiliskipulag svæða, sem talin eru fullbyggð og án sérstakra ákvæða í aðalskipulagi, eða svæða þar sem vísað er til deiliskipulags um frekari ákvæði, þarf að vinna lýsingu viðkomandi skipulagsverkefnis sbr. grein 5.2.2. í skipulagsreglugerð (90/2013). Þar sem ekki eru forsendur eða sérstakt tilefni til að setja stefnu um þéttleika, yfirbragð, landnotkun eða nýtingu einstakra reita í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að það verði gert á deiliskipulagsstigi með gerð skipulagslýsingar ef og þegar upp koma áform um frekari þróun viðkomandi svæða.

Íbúðarbyggð (ÍB).

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.a.

2.2. ÍBÚÐARSVÆÐI (ÍB)

- Ávallt verði nægt framboð byggingarlóða, bæði fyrir íbúðarhús og hvers kyns atvinnuhúsnæði.
- Gert verði ráð fyrir blöndun húsaagerða og íbúðagerða í nýjum íbúðarhverfum.
- Í aðal- og deiliskipulagi skal gert ráð fyrir íbúðarbyggingum fyrir aldraða, bæði í tengslum við Dvalarheimilið Höfða og inni í almennri íbúðarbyggð.

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.


Í framreiknuðum forsendum fyrir aðalskipulagstillögunni er miðað við að þörf verði fyrir um 560 til 900 íbúðir á skipulagstímabilinu en alls gæti verið rými fyrir um 1.300 – 1.400 nýjar íbúðir á byggingarsvæðum aðalskipulagsins.

Nýting einstakra svæða, lóða og opinna svæða s.s. leiksvæða innan íbúðarhverfa er ekki sýnd sérstaklega í aðalskipulagi. Í deiliskipulagi einstakra hverfa og byggingaráfanga verður gerð nánari grein fyrir innra skipulagi þeirra svo og notkun og nýtingarhlutfalli einstakra lóða og svæða.

ÞÉTTLEIKI BYGGÐARINNAR

Miðað er við að vöxtur byggðar á Akranesi næstu áratugi verði fyrst og fremst í Skógahverfi, á Dalbrautarreit og á Sementsreit, þ.e. innan Þjóðvegjar í beinu samhengi við núverandi byggð. Í skipulagsáætluninni er áhersla lögð á að ný íbúðarhverfi verði nokkuð þéttari en sú íbúðarbyggð sem risið hefur síðustu áratugin. Meðalþéttleiki núverandi íbúðarsvæða, gamalla og nýrra, er um 15,5 íb/ha en stefnt er að því að í nýjum íbúðarhverfum innan Þjóðvegjar verði meðalþéttleiki a.m.k. 20 íb/ha. Miðað er við að á Sementsreit komi þétt blönduð byggð sem að hluta verður stækkun miðbæjar. Á mynd 2.3 er sýnd íbúðarbyggð á svæði 504 norðan Kalmansvíkur, alls um 32 ha sem að öllum líkindum verður ekki þörf fyrir fyrr en eftir lok skipulagstímabilsins eða þegar dregur að fullnýtingu byggingarmöguleika innan Þjóðvegjar.

Talsverðir uppbyggingarmöguleikar eru innan núverandi byggðar þar sem víða er unnt að nýta betur vannýttar lóðir, endurnýja byggð sem gengið hefur úr sér og endurnýta land sem þjónar ekki lengur nægilega vel upphaflegu hlutverki sínu. Sementsreiturrinn er stærsta og mikilvægasta dæmið um slíka endurnýjun og endurnýtingu lands. Í gamla bænum og á miðbæjarsvæðum eru möguleikar á slíkri endurnýjun byggðar og þéttingu byggðarinnar t.d.



Mynd 2.3 Skýringarmynd, svæði 504, hverfi norðan Kalmansvíkur. Land til uppbyggingar eftir að svæði innan Þjóðvegjar verða fullnýtt, að öllum líkindum eftir lok skipulagstímabilsins.

með byggingu nýrra íbúðarhúsa. Nánar er fjallað um miðbæjarsvæði í kafla 2.3. Vinna þarf deiliskipulag allra þéttingarsvæða þar sem hugsanlegir uppbyggingarkostir verða skilgreindir. Haft skal samráð við nágranna og aðra hagsmunaaðila við skipulagningu þeirra.

Mótun nýrrar byggðar, bæði í nýjum íbúðarhverfum og inni í gamla bænum, skal miðast að því að bæta bæjarmynd Akraness og styrkja þá jákvæðu eiginleika sem bæjarumhverfið hefur. Einnig skal stefnt að því að lagfæra ásjúnd bæjarins á þeim svæðum sem bæjarmyndin er sundruð og sundurlaus.

Með þéttingu byggðar, nýtingu óbyggðra eða vannýttra svæða innan núverandi byggðar og sértaklega með uppbyggingu á Sementsreit er stuðlað að góðri nýtingu þjónustukerfa, bæði tæknilegra (t.d. vegir og veitur) og félagslegra (t.d. skólar og opinber þjónusta) þannig að hluta nýrrar byggðar megi reisa án teljandi breytinga eða mikilla fjárfestinga í götum og öðrum þjónustukerfum.

ÁFANGASKIPTING

Þau íbúðarsvæði, sem sýnd eru í skipulagstillögunni, rúma fleiri íbúa og íbúðir en reiknað er með að þurfi á skipulagstímabilinu. Með því fæst svigrúm til þess að skipa byggingarsvæðum í áfangaröð þannig að boðið verði upp á sem fjölbreyttast úrval byggingarlóða. Með því að nýta þéttingarsvæði innan núverandi byggðar (t.d. Sementsreit) samtímis nýjum byggingarsvæðum (Skógahverfi) verður á hverjum tíma hægt að bjóða upp á ólíka búsetukosti.

Hafin er gerð deiliskipulags lóðar Sementsverksmiðjunnar og er þar gert ráð fyrir fjölbreyttri byggð, bæði íbúðarbyggð og miðbæjarstarfsemi. Byggingarsvæðum er ekki raðað í ákveðna áfangaröð í aðalskipulagi umfram þau sjónarmið sem fram koma hér og í kafla um þéttleika byggðar.

Í deiliskipulagi verður afmörkun íbúðarsvæða skilgreind nánar svo og möguleikar á atvinnu-starfsemi s.s. verslun, þjónustu og stofnunum sem fyrst og fremst þjóna hverfinu og falla að skilgreiningunni fremst í þessum kafla. Svæði fyrir slíka starfsemi eða tilhögun slíkrar blöndu verða skilgreind í deiliskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
112-ÍB	19,0	Neðri Skagi. Gamli bærinn afmarkast til norðurs af Merkigerði en að auki eru meðtalin á þessu svæði nokkur hús vestan Vesturgötu norðan Merkigerðis.	Á svæðinu er nokkur fjöldi gamalla íbúðarhúsa, bæði timburhúsa og húsa af fyrstu gerð steinsteypuhúsa á Íslandi auk nýrri bygginga, m.a. í fúnkisstíl.	Unnið skal deiliskipulag svæðisins þar sem stefnt verður að þéttingu byggðar og endurnýjun. Tekið skal mið af niðurstöðum húsakönnunar. Nýtingarhlutfall miðist við tiltölulega þétta kaupstaðar-

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
				byggð og verður ákvarðað í deiliskipulagi.
117-ÍB	10,1	Svæðið afmarkast af miðbæjarsvæði annars vegar og fyrrum lóð Sementsverksmiðjunnar hins vegar.	Fullbyggt svæði. Á svæðinu kynnu að vera möguleikar á endurnýjun og þéttingu byggðar.	Unnið skal deiliskipulag þar sem hugsanlegir uppbyggingarkostir verða skilgreindir. Nýtingarhlutfall miðist við tiltölulega þetta kaupstaðarbyggð og verður ákvarðað í deiliskipulagi.
119-ÍB	4,9	Nýtt íbúðarhverfi á hluta Sementsreits.	Sandþró Sementsverksmiðjunnar, hluti verksmiðjussvæðis og lóðir meðfram Suðurgötu. Deiliskipulag í vinnslu.	Blönduð byggð íbúða og atvinnustarfsemi. Svæðið verði skipulagt í samhengi við 118-M. Þétt byggð, 2-5 hæðir. Fjöldi íbúða, umfang atvinnustarfsemi og yfirbragð verður ákvarðað á deiliskipulagsstigi.
128- ÍB	6,5	Svæðið afmarkast af stofnanalóðum Brekkubæjarskóla og sjúkrahússins, miðbæjarsvæði við Kirkjubraut, Stillholti og íbúðarlóðum vestan Vesturgötu.	Á svæðinu er tiltölulega samstæð byggð, aðallega frá 6. áratug 20 aldar.	Fullbyggt og fullmótað hverfi. Breytingar skv. deiliskipulagi.
203-ÍB	0,27	Við Vesturgötu norðan Vallholts	Áður hluti af athafnasvæði A6	Fjölbýlishús. N>1,0.
204-ÍB	13,5	Norðan Stillholts og Kalmansbrautar.	Tiltölulega samstæð byggð frá síðari hluta 20. aldar.	Fullbyggt og fullmótað hverfi. Breytingar skv. deiliskipulagi.
209-ÍB	4,9	Milli Dalbrautar og Kalmansbrautar.	Einbýlis- og raðhúsa byggð frá 8. og 9. áratug síðustu aldar.	Fullbyggt og fullmótað hverfi. Breytingar skv. deiliskipulagi.
303-ÍB	4,6	Milli Jaðarsbrautar og Garðabrautar.	Svæðið einkennist af stórum sambýlishúsum og hefðbundnum fjölbýlis-	Fullbyggt og fullmótað hverfi. Breytingar skv. deiliskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
			húsum.	
305-ÍB	8,8	Milli Þjóðbrautar, Garðabrautar og Innnesvegur.	Raðhús og fjölbýlishús frá s.hl. 20 aldar. Frekar stórskorið umhverfi og bæjarmynd.	Fullbyggt. Ástæða er til að huga að aðgerðum eða framkvæmdum til þess að bæta yfirbragð og bæjarmynd.
307-ÍB	7,3	Grundir I	Raðhús og fjölbýlishús frá s.hl. 20 aldar. Frekar stórskorið umhverfi og bæjarmynd.	Fullbyggt. Ástæða er til að huga að aðgerðum eða framkvæmdum til þess að bæta yfirbragð og bæjarmynd.
310-ÍB	21,7	Grundir II	Einbýlishúsabyggð.	Fullbyggt og fullmótað hverfi. Breytingar skv. deiliskipulagi.
312-ÍB	0,2	Íbúðir aldraðra við Höfða	Lóð í tengslum við dvalarheimilið Höfða	Lóð fyrir nýtt fjölbýlishús, 31 íbúð.
313-ÍB	2,1	Íbúðir aldraðra við Höfða	Raðhúsapýrping.	Fullbyggt og fullmótað hverfi. Breytingar skv. deiliskipulagi. 15 íb/ha
316-ÍB	13,4	Jörundarholt II, Leynisbraut/Ásbraut	Einbýlishús og raðhús. Byggð í lok 20. aldar og byrjun þeirrar 21.	Fullbyggt og fullmótað hverfi. Breytingar skv. deiliskipulagi.
317-ÍB	5,8	Jörundarholt I	Einbýlishús og raðhús. Byggð í lok 20. aldar og byrjun þeirrar 21.	Fullbyggt og fullmótað hverfi. Breytingar skv. deiliskipulagi.
402-ÍB	22,1	Flatahverfi.	Fullbyggt. Blönduð byggð fjölbýlishúsa, raðhúsa og einbýlishúsa.	Fullbyggt og fullmótað hverfi. Breytingar skv. deiliskipulagi. 15-25 íb/ha
405-ÍB	12,1	Skógarhverfi, 1. áfangi	Byggt að hluta. Deiliskipulag í gildi.	Blönduð byggð. Innan svæðis fyrir íbúðarbyggð er í deiliskipulagi gert ráð fyrir stofnunum, þjónustufyrirtækjum og atvinnustarfsemi sem viðeigandi eru í íbúðarhverfi. Um 20 íb/ha

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
406-ÍB	28,1	Skógarhverfi, 2. áfangi	Bygging hafin. Að mestu óbyggt. Deiliskipulag suðurhluta liggur fyrir.	Blönduð byggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Um 20 íb/ha
407-ÍB	15,8	Skógarhverfi, 3. áfangi	Óbyggt. Óskipulagt.	Blönduð byggð. Innan svæðis fyrir íbúðarbyggð verður í deiliskipulagi gert ráð fyrir stofnunum, þjónustufyrirtækjum og atvinnustarfsemi sem viðeigandi eru í íbúðarhverfi á sama hátt og í 1. áfanga. Nánar skilgreint í deiliskipulagi. Um 20 íb/ha
505-ÍB	2,4	Íbúðarlóð við Þjóðveg	Lóð fyrir einbýlishús og útihús.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.
508-ÍB	0,6	Íbúðarlóð við Þjóðveg	Lóð fyrir einbýlishús	Fullbyggt.
509-ÍB	2,5	Íbúðarlóð	Við Innstavig. Lóð fyrir einbýlishús og gripahús.	Uppbygging skv. deiliskipulagi lóðar.

2.3. MIÐSVÆÐI (M)

Miðsvæði (M)

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.b.

Gamli miðbærinn skal endurskipulagður m.a. í samvinnu við þá sem þar búa eða reka fyrirtæki. Hann skal eflur sem þétt, lífleg, blönduð heildstæð byggð.

- Stefnu skal að því að meginhluti verslunar og þjónustu verði innan miðbæjarsvæðis.

Miðað er við að í miðbæ Akranes verði fjölbreytt blanda þjónustu- og atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar. Fyrirkomulag og umfang íbúðarbyggðar er og verður ákvarðað í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Uppbygging miðbæjarinn skal miða að því að móta skjólgóða byggð með bæjareinkennum og bæjarbrag.

Miðbæjarsvæði Akraness er annars vegar línulegur miðbær frá Skólabraut um Kirkjubraut, Stíllholt og Skagaverstún að Þjóðbraut og hins vegar hluti Sementsreits og Sementsbryggju, sem tengjast Akratorgi. Miðbænum er skipt í sex svæði eftir stöðu, eiginleikum og áformum um skipulag og uppbyggingu.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
115-M	1,2	Skólabraut frá Vesturgötu að byggingum við Akratorg.	<p>Á svæðinu er kirkja, safnaðarheimili og fleiri stofnanir og þjónustufyrirtæki.</p> <p>Svæðið verður áfram skilgreint sem miðbæjar-svæði vegna stofnana sem þar eru, yfirbragðs þess og götumyndar.</p>	<p>Íbúðarbyggð verður ráðandi en miðbæjarstarfsemi, verslun og þjónusta verður heimil, t.d. á jarðhæð húsa. Slík starfsemi skal taka sérstaklega tillit til nálægðar við íbúðir.</p> <p>Vinna skal deiliskipulag í kjölfar húsakönnunar sbr. ákvæði um 112-ÍB.</p> <p>Nýtingarhlutfall miðist við þetta kaupstaðarbyggð.</p>
116-M	8,3	Akratorg, Kirkjubraut, Stillholt.	<p>Svæðið er þungamiðja miðbæjarins með meginhluta verslana, stofnana og þjónustufyrirtækja bæjarins ásamt talsverðri íbúðarbyggð.</p>	<p>Alhliða miðbæjarstarfsemi og íbúðir. Miðbæjarstarfsemi að jafnaði á jarðhæð og íbúðir eftir því sem við á á efri hæðum.</p> <p>Meginhluti miðbæjarstarfsemi bæjarins, verslanir, þjónustufyrirtæki og stofnanir.</p> <p>Bæjarmynd svæðisins frá Merkigerði að Stillholti verði lagfærð með nýbyggingum og endurbótum á gatnamannvirkjum þannig að miðbæjarumhverfi með skýrum og skjólgóðum göturýmum verði samfellt frá gamla miðbænum að Stillholti.</p> <p>Gera má ráð fyrir háu nýtingarhlutfalli lóða með því að koma hluta bílastæða fyrir neðanjarðar þar sem aðstæður leyfa.</p> <p>Hámarkshæð húsa miðist við 3-4 hæðir. Byggingarmöguleikar, endurnýjun</p>



Mynd 2.4 Afmörkun miðbæjarsvæða



Mynd 2.5 Akratorg



Mynd 2.6 Miðbæjarbygging á horni Stillholts og Þjóðbrautar

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
				úr sér genginna eða óvið-eigandi bygginga, bygg-ingarmagn og nýtingar-hlutfall verður skilgreint í deiliskipulagi sem vinna skal í samræmi við niður-stöður húsakönnunar sbr. ákvæði um 112-ÍB og 115-M
118-M	2,5	Miðbæjarsvæði á hluta Sementsreits.	Meginhluti verksmiðju-bygginga sementsverk-smiðjunnar. Unnið er að þróunaráætlun svæðisins.	Blönduð byggð verslunar, þjónustu, atvinnufyrir-tækja, menningarstarfsemi og íbúða. Svæðið verði skipulagt í samhengi við Íb 14. Þétt byggð, 2-5 hæðir. Umfang atvinnu-starfsemi, fjöldi íbúða og yfirbragð verður ákvarðað á deiliskipulagsstigi.
134-M	1,5	Við Sementsbryggju	Austan sementsbryggju. Að hluta á landfyllingu.	Hótel, íbúðir og hafnsæk-in starfsemi. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
207-M	4,4	Miðsvæði norðan Stillholts	Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag. Á svæðinu er verslunarkjarni og nýlegt fjölbýlishús.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. Nýtingar-hlutfall er ákvarðað í deiliskipulagi.
208-M	3,1	Milli Dalbrautar og Þjóðbrautar.	Svæðið markar upphaf hins langa miðbæjar sem nær héðan og niður fyrir Akratorg. Svæðið er nú að hluta iðnaðar- og athafna-svæði en miðbæjarbygg-ing með íbúðum og mið-bæjarstarfsemi hefur verið reist við gatnamót Stillholts og Þjóðbrautar.	Blönduð byggð með þéttri íbúðarbyggð og miðbæjar-starfsemi, verslun og þjónustu á jarðhæð og bílastæðum í kjallara. Miðbæjarstarfsemi verði meðfram aðalgötum. N: > 0,65 (0,85 með bíla-geymslum í kjallara). Allt að 225 íbúðir.

2.4. SVÆÐI FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU (VP)

- Stefnt er að því að Smiðjuvellir þróist í að verða blanda verslunar/þjónustu- og athafnasvæðis. Þar verði einkum gert ráð fyrir verslun og þjónustu sem ekki á heima í miðbæ.
- Unnið verði markvisst að uppbyggingu ferðaþjónustu með áherslu á frekari eflingu þeirra stofnanna og svæða sem nú þegar búa yfir aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Lögð verður áhersla á sögu sjávarútvegs og íþróttar auk almennrar útivistar við frekari uppbyggingu afþreyingar fyrir ferðamenn.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á núverandi stöðu verslunar- og þjónustusvæða. Gert er ráð fyrir auknu vægi verslunar og þjónustu á athafnasvæðinu 212-AT við Smiðjuvelli og Kalmansvelli (sjá kafla 2.8) auk verslunarlóðar 213-VP nyrst á því svæði. Þar verði fyrst og fremst gert ráð fyrir verslun með fyrirferðarmikla vöru sem ekki á heima í miðbæ (byggingarefni, bílar o.þ.h.) auk almennrar atvinnustarfsemi annarrar. Auk þess er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun verslunar-/þjónustu- og athafnasvæðis á svæði 210-V. Í samræmi við markmið um uppbyggingu og styrkingu miðbæjar skal markvisst leitast við að beina sérverslunum og dæmigerðri miðbæjarstarfsemi inn á miðbæjarsvæði 116-M, 207-M, 208-M og 118-M.

Bensínstöðvar eru á lóðum sem skilgreindar eru sem svæði fyrir verslun og þjónustu. Ekki er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð geti verið á svæðum 109-VP, 110-VP, 132-VP, 210-V, 211-VP og 213-VP.

Í deiliskipulagi Skógarhverfis verður gert ráð fyrir blandaðri byggð þar sem mögulegt verður að koma fyrir verslun og þjónustu innan hverfisins án þess að þar verði afmörkuð sérstök svæði fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
108-VP	0,7	Svæði sunnan Bárugötu	Blönduð landnotkun, hótél, verslun, þjónusta, önnur atvinnustarfsemi, íbúðir.	Engin áform um breytingar. Óbreytt notkun. Breytt byggingarmagn eða starfsemi verði skilgreint í deiliskipulagi. N: 0,5.
109-VP	0,2	Bíóhöllin.	Samkomuhús.	Óbreytt landnotkun.
110-VP	0,2	Bensínstöð við Hafnarbraut.	Lóð fyrir bensínstöð.	Óbreytt landnotkun.

Verslun og þjónusta (VP)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.c.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
124-VP	0,2	Kirkjuhvoll	Listasetur. Fullbyggt	Þjónustustarfsemi, þjónustustofnanir og íbúðir.
132-VP	0,4	Bensínstöð við Skagabraut/Stillholt.	Lóð fyrir bensínstöð.	Óbreytt landnotkun.
133-VP	0,44	Akurshóll. Verslunar og þjónustusvæði við Akursbraut	Óskipulagt, óbyggt	Ferðapjónusta, litlir gistiskálar. Uppbygging skv. Deiliskipulagi. N: 0,1
135-VP	0,3	Vesturgata 102	Fullbyggt.	Þjónustustarfsemi, þjónustustofnanir og íbúðir.
210-VP	2,1	Svæði milli Þjóðbrautar og Dalbrautar.	Blönduð landnotkun, verslun, verkstaði, skrifstofur, bensínstöð.	Blönduð landnotkun. Uppbygging skv. deiliskipulagi. N: 0,5.
211-VP	0,5	Bensínstöð við Esjubraut/Kalmansbraut	Lóð fyrir bensínstöð.	Óbreytt landnotkun.
213-VP	0,8	Verslun og þjónusta	Norðurjaðar athafnasvæðisins við Smiðjuvelli	Verslun og þjónusta. N: 0,7.
304-VP	0,4	Skrifstofur, íbúðir við Faxabraut/Garðabraut/Höfðabraut.	Atvinnuhúsnæði sem hefur verið breytt í íbúðir.	Íbúðarbyggð með möguleika á verslun og þjónustu, sérstaklega á jarðhæð. Ekki gert ráð fyrir auknu byggingarmagni.
322-VP	2,6	Golfvallarhótel	Þjónustusvæði við Garðalund.	Hótel/golfskáli. N: 0,33. Uppbygging skv. deiliskipulagi
401-VP	0,6	Verslunarlóð á jaðri Flatahverfis	Skv. deiliskipulagi Flatahverfis.	Verslun og þjónusta. N: 0,5
403-VP	0,4	Verslun og þjónusta í Flatahverfi	Skv. deiliskipulagi Flatahverfis.	Verslun og þjónusta. N: 0,5

2.5. SVÆÐI FYRIR SAMFÉLAGSPJÓNUSTU (S)

- Stuðlað verði að því að byggja áfram upp á Akranesi framsækið og nútímalegt skólustarf. Nýjum hugmyndum verði veitt brautargengi á öllum skólástigum.
- Unnið verði að því að byggja upp öflugt verknám og framhaldsnám í tengslum við aðalatvinnugreinar svæðisins.
- Lögð skal áhersla á áframhaldandi uppbyggingu safnasvæðisins að Görðum, þ.e. safnanna, umhverfis þeirra og aðkomu.
- Menningarstofnanir verði aðgengilegar og hafi ákveðinn sess í bæjarmynd og bæjarlífi.
- Í aðalskipulagi skal gert ráð fyrir frekari þróun sjúkrahússins og tengdrar starfsemi á lóð núverandi sjúkrahúss.
- Metnaður verði lagður í frágang þess umhverfis sem börn alast upp í, þ.e. íbúðarhverfa, skólalóða og íþróttasvæða.

Engin áform eru um breytingar á stofnanasvæðunum. Miðað við líklegar breytingar á aldurs-samsetningu og fjölskyldugerð verða æ fleiri íbúar og íbúðir á bak við hvern leikskóla og grunnskóla. Líkur eru á því að skólabörnum fjölgi lítið þrátt fyrir að áætlun um íbúafjölgun gangi eftir. Gert er ráð fyrir grunnskóla og leikskóla í Skógarhverfi vegna stærðar þess. Hlutfallstala aldraðra hækkar þó nokkuð þannig að þjónusta við þá verður umfangsmeiri en nú er. Með breyttum áherslum í öldrunarþjónustu, sem miða að því að aldraðir búi við góðar aðstæður á eigin heimili sem lengst, ætti öldrunarþjónusta að geta rúmast innan núverandi stofnanasvæða.

Sambýli og sérhæfðar íbúðir s.s. fyrir fatlaða og aldraða eru taldar hluti eðlilegur íbúðarhverfa og því ekki skilgreindrar sérstaklega í aðalskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
123-S	0,2	Leikskólinn Teigasel		Óbreytt landnotkun.
125-S	1,6	Sjúkrahús, heilsugæslustöð		Óbreytt landnotkun.
126-S	2,4	Brekkubæjarskóli,	Grunnskóli, íþróttahús	Óbreytt landnotkun. Breytingar skilgreindar í deiliskipulagi.
205-S	1,4	Fjölbrautarskóli Vesturlands		Óbreytt landnotkun. Breytingar skilgreindar í

Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.d.



Mynd 2.7 Grundaskóli

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
				deiliskipulagi.
206-S	0,4	Heimavist FV		Óbreytt landnotkun. Breytingar skilgreindar í deiliskipulagi.
306-S	0,6	Leikskólinn Vallarsel		Óbreytt landnotkun.
308-S	0,3	Leikskólinn Garðasel		Óbreytt landnotkun.
309-S	3,4	Grundarskóli	Grunnskóli	Svæðið ekki fullnýtt. Byggingarmöguleikar skilgreindir í deilisk.
311-S	2,4	Dvalarheimilið Höfði	Dvalarheimili aldraðra.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Tiltölulega þétt byggð möguleg. N: 0,6
320-S	1,6	Stofnanalóð við Garða	Óbyggt	Svæði fyrir menningarstofnun, t.d. í tengslum við safnasvæðið. Blönduð landnotkun, stofnanalóð með útivistargildi. N: 0,7.
321-S	3,3	Safnasvæðið í Görðum	Safnahús ásamt safni aðfluttra húsa og safnmunum, m.a. bátum, utanhúss.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. N: 0,2
404-S	0,9	Leikskólinn Akrasel		Óbreytt landnotkun.
408-S	2,5	Stofnanasvæði í Skógarhverfi	Óbyggt	Stofnanasvæði verður mótað nánar í deiliskipulagi hverfisins. Svæðið er fyrst og fremst ætlað grunnskóla og leikskóla hverfisins. Nýtingarhlutfall ákvarðast í deiliskipulagi.

2.6. OPIN SVÆÐI, ÚTIVISTARSVÆÐI (OP)

- Sérstök áhersla skal lögð á að gera útivistarsvæði bæjarins aðgengileg og eftirsótt. Þau skulu tengd saman sem heild með stígakerfi bæjarins.

Sem opin svæði flokkast skruðgarðar, útivistarsvæði, leiksvæði, opið óbyggt land með sérákvæðum og opið land án skilgreindra nota. Stór hluti lands utan byggðarinnar er skilgreindur sem opin svæði, m.a. gömul ræktarlönd. Einnig eru nokkur opin svæði innan byggðarinnar sem nýtast m.a. sem leiksvæði. Hluti óbyggðra svæða eru verndarsvæði (friðland í Innstavogsnesi og hverfisverndarsvæði með ströndinni) og gilda þar sérstök ákvæði.

Hefðbundnar nýttar á opnum óbyggðum svæðum haldast eins og verið hefur. Heimilt er að nýta óbyggð svæði sem garðlönd og til beitar þar sem aðstæður leyfa. Stefnt skal að því að öll beit á Akranesi verði innan girðinga eða í beitarhólfum. Beit skal hagað með hliðsjón af beitarþörf og gróðurverndarmarkmiðum, m.a. um endurheimt votlendis og að komið verði í veg fyrir ofbeit í samvinnu við hagsmunaaðila.

Innan óbyggðra svæða er heimilt að leggja reiðstíga og göngustíga og byggja upp nauðsynlega aðstöðu vegna útivistar s.s. aðkomuleiðir, bílastæði og salernisaðstöðu eða aðrar byggingar sbr. skipulagsákvæði viðkomandi svæðis. Það fer eftir umfangi hvort vinna þarf deiliskipulag vegna slíkrar mannvirkjagerðar.

Opin svæði án skilgreindra nota umfram almenn ákvæði sbr. skipulagsreglugerð eru merkt OP án númera. Opin svæði með sérstökum ákvæðum eru merkt með staðgreininúmeri á sama hátt og aðrir landnotkunarreitir.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
114-OP	0,5	Merkurtún við Skólabraut	Leiksvæði, skruðgarður.	Leiksvæði, skruðgarður.
314-OP	0,8	Jaðarsbakkar	Óskipulagt, óbyggt	Útivistarsvæði. Minni háttar þjónustubyggingar s.s. fyrir salerni og búningaástöðu heimilar.
324-OP	5,7	Garðalundur, skruðgarður/skógrækt	Skólaskógar	Skrúðgarður og mótað útivistarsvæði. Heimilt að byggja áhaldahús. N: 0,005
327-OP	9,5	Útivistarsvæði við	Óskipulagt	Útivistarsvæði, skruð-

Opin svæði (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.l.

Opin svæði til sérstakra nota var víðtækur landnotkunarflokkur samkvæmt skipulagsreglugerð frá 1998. Flokkurinn náði bæði til svæða með sérhæfðum byggingum og mannvirkjum og óbyggðra svæða. Samkvæmt skipulagslögum frá 2010 er framsetningu aðalskipulags breytt og opnum og sérhæfðum útivistarsvæðum skipt í nokkra landnotkunarflokkka.

- Opin svæði
- Íþróttasvæði
- Kirkjugarðar og grafreitir
- Afþreyingar- og ferðamannsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
		Garðalund /Skóga- hverfi		garður í tengslum við Garðalund og Skóga- hverfi.
329-Op	8,9	Klapparholt	Útivistarskógur	Útivistarsvæði, skrúðgarður
607-OP	10,9	Útivistarsvæði við Berjadalsá	Ófullgert. Núverandi moldartíppur.	Heimilt verður að losa jarðefni, mold, á svæðinu sem nýtt verður til land- mótunar. Unnið skal deiliskipulag og áætlun um landmótun sem gefi kost á íþróttaiðkun, t.d. akstursbrautum o.þ.h. Byggingar verði einungis nauðsynleg aðstöðuhús. N: 0,01
611-OP	24,5	Hugsanlegt vegstæði Grunnafjarðarleiðar ofan byggðar.	Óbyggt svæði. Gömul tún. Skipulagi var frestað í ASAKRA 2005-2017.	Óheimilt er að skipuleggja landnotkun eða varanleg mannvirki sem staðið geti í vegi fyrir breyttum þjóð- vegi. Svæðið verður nytj- að á sama hátt og hingað til.

2.7. ÍPRÓTTASVÆÐI (ÍP)

- Unnið verði áfram að uppbyggingu fjölbreyttrar íþróttaaðstöðu með áherslu á holla hreyfingu, almenningsíþróttir, skipulagt og þroskandi unglingsstarf og keppnis- og afreksíþróttir. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýju skóla- og íþróttasvæði í Skógahverfi.

Sem íþróttasvæði (ÍP) eru merkt stór sérhæfð svæði fyrir íþróttamannvirki. Á svæðunum geta verið viðeigandi byggingar, stórar sem smáar sbr. skipulagsákvæði viðkomandi svæðis.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
129-ÍP	1,0	Íþróttasvæði, sparkvöllur við Ægisbraut	Að mestu óbyggt svæði, eitt iðnaðarhús sem lagt er til að breytt verði í íþrótt- og frístundahús.	Íþrótt- og leiksvæði skv. deiliskipulagi. Íþróttahús og minni háttar byggingar v/starfseminnar. N: 0,04.
302-ÍP	13,0	Íþróttasvæði á Jaðarsbökkum	Aðalíþróttasvæði bæjarins, fótboltavellir, íþróttahús og sundlaug.	Gert er ráð fyrir uppbyggingu alhliða íþróttamannvirkja og þjónustu skv. deiliskipulagi. N: 0,2
323-ÍP	2,2	Útivistar- og íþróttasvæði við golfvöll.	Svæðið er nýtt sem æfingasvæði í tengslum við golfvöll (325-ÍP). Deiliskipulag í gildi	Nýting/uppbygging skv. deiliskipulagi. N: 0,015
325-ÍP	61,1	Golfvöllur í Leyni	18 holu golfvöllur.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. N: 0,002
409-ÍP	2,4	Íþróttavellir, æfingasvæði í Skógarhverfi.	Ómótað. Hugmynd um æfinga- og íþróttasvæði sem stutt getur við íþróttasvæðið á Jaðarsbökkum.	Íþróttasvæði með æfingavöllum og aðstöðubyggingum s.s. búningsklefum o.þ.h. Svæðið verður mótað nánar í skipulagi Skógarhverfis. N: 0,01
510-ÍP	10,5	Hesthúsahverfi við Æðarodda		Hesthúsasvæði með æfinga- og keppnisbrautum. Hesthús, félagsheimili og viðeigandi byggingar. N: 0,09.

Íþróttasvæði (ÍP)

Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.j.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.i.

Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.k.

Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgæðslu.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.r.

2.8. AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)

- Gert verði ráð fyrir þjónustu við ferðamenn og aðstöðu í góðum tengslum við útvistarsvæði bæjarins í Garðalundi.

Eitt svæði er skilgreint sem ferðamannasvæði, tjaldsvæðið við Kalmansvík. Þar er gert ráð fyrir möguleika á byggingu lítilla gistiskála fyrir ferðamenn. Gert er ráð fyrir lóð undir hótél í tengslum við golfvöll og Garðalund, svæði 322 VP.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
215-AF	6,8	Tjaldsvæði og opið svæði við Kalmansvík	Tjaldsvæði í rekstri. Drög að deiliskipulagi.	Tjaldsvæði og litlir gistiskálar. Uppbygging skv. deiliskipulagi. N: 0,02

2.9. KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K)

Gamall kirkjugarður er í Görðum. Gert er ráð fyrir stækkun hans til vesturs yfir svæði sem áður var möguleg kirkjulóð.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
318-K	5,7	Kirkjugarður í Görðum	Deiliskipulag gamla hlutans í gildi.	Kirkjugarður, bílastæði og tilheyrandi þjónustumannvirki. N: 0,01

2.10. SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL)

Engin landgræðslusvæði eru á Akranesi. Talsverð skógrækt er í Garðaflóa. Gamla skógræktin í Garðalundi er verðmætt útvistarsvæði og er merkt sem opið svæði (324-OP). Nokkuð verður gengið á skógræktarsvæði með stækkun Skógahverfis og nýjum kirkjugarði (327-K). Vaxandi skógur mun einkenna mörk byggðarinnar og skýla henni fyrir norðanvindum auk þess sem hann mun verða útvistarsvæði í nálægð nýrrar íbúðarbyggðar. Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en stígum og aðkomuleiðum auk lítilla aðstöðuhúsa s.s. salerna.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
328-SL	13	Skógrækt	Skógræktarsvæði, skrudgarður	Útvistarskógur.
410-SL	8,3	Skógrækt	Skógræktarsvæði	Útvistarskógur.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
603-SL	7,2	Skjólbelti	Ógert	Skjólbelti utan um núverandi og fyrirhuguð iðnaðar- og athafnasvæði.
608-SL	0,9	Skjólbelti	Ógert	Skjólbelti utan um núverandi og fyrirhuguð iðnaðar- og athafnasvæði.
609-SL	0,2	Skjólbelti	Ógert	Skjólbelti utan um núverandi og fyrirhuguð iðnaðar- og athafnasvæði.
610-SL	0,5	Skjólbelti	Ógert	Skjólbelti utan um núverandi og fyrirhuguð iðnaðar- og athafnasvæði.

2.11. ATHAFNASVÆÐI (AT)

- Sköpuð verði skilyrði til framþróunar atvinnulífs og fjölgunar starfa í bæjarfélaginu. Einnig er stefnt á frekari uppbyggingu á athafnasvæðinu á Grundartanga í samvinnu við nágrannasveitarfélögin.
- Sett verði fram skýr stefna um skilgreiningu atvinnusvæða. Í deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæða verði leitast við að gera ráð fyrir sérstökum svæðum fyrir fyrirtæki í matvælavinnslu og matvælaiðnaði til þess að komast hjá hagsmunarárekstrum milli ólíkra atvinnugreina. Sérstök ákvæði verði sett um starfsemi á slíkum atvinnusvæðum.

Á svæði 212-AT er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun með verslun og þjónustu þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir verslun með fyrirferðarmikla vöru sem ekki á heima í miðbæ (byggingarefni, bílar o.þ.h.) auk almennrar atvinnustarfsemi. Í deiliskipulagi núverandi og nýrra athafnasvæða skal taka mið af markmiðum bæjarstjórnar um sérhæfð svæði þannig að komist verði hjá hagsmunarárekstrum ólíkra atvinnugreina.

Matvælafyrirtæki sem háð eru gæðum nánasta umhverfis eða kunna að hafa í för með sér takmörkun á starfsemi í næsta nágrenni verða einungis heimil á hafnarsvæðum 102-H og 103-H og athafnasvæði 105-AT.

Á svæðum 130 og 201-AT er gert ráð fyrir blandaðri byggð þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús og er sérstaklega miðað við að íbúðir geti verið á efri hæð bygginga.

Athafnasvæði

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugæymslur og matvælaiðnaður.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.e.

Stefnt er að því að afmarka stæði eða geymslusvæði fyrir stóra bíla og vinnuvélar, sem t.d. nýttist einyrkjum og litlum fyrirtækjum í slíkum rekstri, þannig að unnt verði að framfylgja banni við stöðu og geymslu slíkra tækja í og við íbúðarbyggð. Slík stæði eða svæði geta hvort sem er verið á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind sem almenn athafnasvæði eða iðnaðarsvæði.

Flatarmál svæðis 601-AT, Flóahverfi er umfram áætlaða landþörf fyrir ný störf á skipulags-tímabilinu en í afmörkun þess felst viðbúnaður til þess að geta tekið við nýjum fyrirtækjum sem ekki eiga heima í nálægð við íbúðarbyggð eða miðbæ svo og fyrirtækjum sem þurfa meira landrými en svo að rúmist í byggðinni innan þjóðvegjar.

Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum öðrum en þeim, sem tengjast beint viðkomandi starfsemi s.s. fyrir húsverði.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
105-AT	6,9	Við Vesturgötu og Breiðargötu sunnan Bárugötu	Svæðið er að mestu leyti nýtt fyrir hafnsækna starfsemi. Til er samþykkt deiliskipulag svæðisins.	Hafnsækin starfsemi, sjávarútvegur, fiskiðnaður, matvælaframleiðsla, annar iðnaður. N: 0,5
111-AT	0,2	Við suðurenda Akursbrautar.	Starfsmannaaðstaða fyrir nærliggjandi atvinnustarfsemi	Fullbyggt
113-AT	0,4	Við Akursbraut.	Ýmis starfsemi	Fullbyggt
127-AT	0,6	Við Vesturgötu og Ægisbraut.	Smáiðnaður. Deiliskipulag í gildi.	Fullbyggt
130-AT	1,1	Svæði við Ægisbraut	Ýmis atvinnustarfsemi. Deiliskipulag í gildi	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Íbúðarbyggð möguleg, t.d. á efri hæðum húsa með atvinnustarfsemi á jarðhæð.
201-AT	2,0	Við Ægisbraut	Ýmis atvinnustarfsemi. Deiliskipulag í gildi	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Íbúðarbyggð möguleg, t.d. á efri hæðum húsa með atvinnustarfsemi á jarðhæð.
212-AT	16,9	Smiðjuvallasvæðið; Smiðjuvellir,	Fjölbreytt atvinnustarfsemi; verslanir	Blönduð landnotkun. Uppbygging skv. deili-

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
		Kalmansvellir	(byggingarvörur, húsgögn, matvara), verkstæði, slökkvistöð, þjónusta. Aðaluppbyggingarsvæði fyrir almenna atvinnustarfsemi. Hálfbyggt.	skipulagi. Léttur iðnaður og atvinnufyrirtæki, sem ekki hafa neikvæð áhrif á umhverfi sitt. Heimil verslun með fyrirferðarmikinn varning og/eða með vörur sem ekki eiga heima í miðbæ eða á verslunarsvæðum. Smáverslanir og sérverslanir einungis heimil í tengslum við skylda/tengda framleiðslu eða atvinnustarfsemi. Geymsla jarðefna (möl, sandur) utandyra óheimil. Í deiliskipulagi skal gera ráð fyrir stæðum eða geymslusvæði fyrir stóra bíla og vinnuvélar. N: 0,5
506-AT	4,8	Miðvogslækjarsvæði	Deiliskipulagt. Gróðrarstöð.	Gróðrarstöð, garðyrkjusvæði. Gróðurhús og starfsmannaaðstaða. N: 0,3
601-AT	17,0	Flóahverfi.	Deiliskipulagt að hluta. Gatnagerð hafin. Óbyggt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. N: 0,5 – 0,7

2.12. IÐNAÐARSVÆÐI (I)

Helstu iðnaðarsvæðin eru iðnaðarsvæðin í Höfðaseli og olúbirgðastöðin á Breiðinni. Lóð Sementsverksmiðjunnar á reit I-1 í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 verður tekin undir íbúðarbyggð og miðbæjarstarfsemi (verða reitir 118-M og 119-ÍB). Flatarmál iðnaðarsvæðis 602-I í Höfðaseli er umfram áætlaða landþörf vegna nýrra starfa í iðnaði á skipulagstímabilinu en í afmörkun þess felst viðbúnaður til þess að geta tekið við iðnfyrirtækjum hvers konar sem ekki rúmast innan núverandi iðnaðarsvæða. Í deiliskipulagi hverfisins skal taka mið af markmiðum bæjarstjórnar um sérhæfð svæði þannig að komist verði hjá hagsmunaárekstrum ólíkra atvinnugreina.

Iðnaðarsvæði

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnlustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.f.



Mynd 2.8 Sementsverksmiðjan

Matvælafyrirtæki sem háð eru gæðum nánasta umhverfis eða kunna að hafa í för með sér takmörkun á starfsemi í næsta nágrenni eru ekki heimil á iðnaðarsvæðum.

Gert ráð fyrir að aðveitustöð rafveitu, sem nú er skammt austan Þjóðbrautar innan marka væntanlegrar íbúðarbyggðar í Skógarhverfi, verði flutt vestur fyrir Þjóðbraut og komið fyrir á nýrri iðnaðarlóð, 214-I, við Smiðjuvelli. Í því felst tilfærsla frá fyrri áformum (gildandi aðalskipulagi) þar sem stöðin var nokkru vestar.

Dælustöðvar og hreinsistöð fráveitukerfisins eru merktar sem iðnaðarsvæði. Þær dælustöðvar, sem ekki lenda innan marka annarra iðnaðarsvæða, eru merktar sem punktar. Dælustöðvarnar eru litlar og að öllu leyti neðanjarðar þannig að þær hafa sem næst engin sýnileg áhrif á umhverfi sitt. Hreinsistöð fráveitu og útrás er við Ægisbraut (202-I).

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
104-I	0,7	Olíubirgðastöð á Breiðinni	Olíutankar og tilheyrandi búnaður.	Fullbyggt
106-I		Vatnsveita, neysluvatnstankur	Vatnsgeymir á Breiðinni	Óbreytt
107-I		Dælustöð fráveitu við Breiðargötu	Óbyggt. Mannvirki neðanjarðar.	Nákvæm lega og umfang verður ákvarðað í deiliskipulagi í samræmi við áætlun um fráveitukerfi bæjarins.
122-I		Dælustöð fráveitu við Krókalón	Óbyggt. Mannvirki neðanjarðar.	Nákvæm lega og umfang verður ákvarðað í deiliskipulagi í samræmi við áætlun um fráveitukerfi bæjarins.
131-I		Dælustöð fráveitu við Stíllholt	Fullbyggt	Óbreytt
202-I	0,5	Dælu- og hreinsistöð fráveitu við Ægisbraut	Fullbyggt	Óbreytt
214-I	0,4	Aðveitustöð rafveitu.	Óbyggt. Núverandi aðveitustöð er innan marka Skógarhverfis.	Lóð fyrir aðveitustöð rafveitu. Lóðin verður afmörkuð í deiliskipulagi athafnasvæðis 212-V/AT.
315-I		Dælustöð fráveitu við Leyni	Fullbyggt. Mannvirki neðanjarðar.	Óbreytt

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
326-I		Vatnsveita, geislahús	Geislahús ofan Garðalundar	Óbreytt
507-I	0,9	Hitaveitugeymir við Þjóðveg	Vatnsgeymir og dælustöð hitaveitu.	Svæði fyrir vatnsgeymi og önnur mannvirki hitaveitu. Gert ráð fyrir byggingu nýs hitaveitugeymis og/eða stækkun.
602-I	17,3	Flóahverfi, iðnaðarsvæði	Skipulagt að hluta. Óbyggt.	Iðnaðarsvæði. Vinna skal deiliskipulag svæðisins. N: 0,5
604-I	6,5	Iðnaðarsvæði við Höfðasel-S	Steypastöð og fleiri fyrir-tæki. Svæðið ekki fullnýtt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. N: 0,5
605-I	7,5	Iðnaðarsvæði við Höfðasel-N	Sorpmóttökustöð. Svæðið ekki fullnýtt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. N: 0,5

2.13. HAFNARSVÆÐI (H)

- Stefnt er að stækkun hafnarsvæðisins með gerð landfyllingar til að laða að hafnarsækna starfsemi, þar á meðal ferðaþjónustu, og tryggja þróun útgerðar og fiskvinnslu á Akranesi. Tryggja skal fjölbreytilegt lóðaframboð á hafnarsvæðum.

1. janúar 2005 voru Reykjavíkurbær, Akraneshöfn, Grundartangahöfn og Borgarneshöfn sameinaðar í Faxaflóahafnir sf. Sameinað fyrirtæki stefnir að því að byggja upp og reka öflugar hafnir á starfsvæði sínu þar sem Akraneshöfn mun verða eflað sem fiskihöfn. Þrjú hafnarsvæði eru á Akranesi og eru þau merkt með dökkbláum lit á skipulagsupprætti (102-H, 103-H og 120-H). Hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum skv. 1. viðauka við reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 671/2000.

Mörk 102-H og 120-H miðast við hafnarsvæðin í heild, bæði sjó og land. Breytingar á mannvirkjum innan þeirra s.s. bryggjur, garðar og fyllingar verða skilgreindar í deiliskipulagi og krefjast ekki breytingar á aðalskipulagi svo fremi sem þær eru innan útlínu hafnarsvæðanna. Heildarflatarmál 102-H er 18,5 ha en á landi um 10,8 ha. Flatarmál 120-H er 5,2 á landi en 9,2 í heild. Hugsanleg stækkun mannvirkja út í hafnirnar eða minni háttar landfyllingar verða skilgreindar í deiliskipulagi.



Mynd 2.9 Smábátahöfnin

Hafnir (H)

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr.6.2.o.



Mynd 2.10 Steinsvör



Mynd 2.11 Skarfavör

Matvælafyrirtæki sem háð eru gæðum nánasta umhverfis eða kunna að hafa í för með sér takmörkun á starfsemi í næsta nágrenni verða einungis heimil á hafnarsvæðum 102-H og 103-H og athafnasvæði 105-AT.

Svæði 103-H, er minnkað verulega frá Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 þar sem fallið er frá gerð Skarfatangahafnar. Þar er nú gert ráð fyrir nýrri landfyllingu, um 5,1 ha með sjóvarnargarði. Sjá einnig kafla 2.14.2 um landfyllingar. Útlínur fyllingar og stefna sjóvarnargarðs verður ákvörðuð í fullnaðarhönnun og deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir því að fyllingin muni hafa góð áhrif á hafnarskilyrði og getur stefna varnargarðsins skipt máli í því tilliti.

Á hafnarsvæðum er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum, skipasmíði og skipaviðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Skipulag hafnarsvæða skal unnið í samráði við hafnarstjórn.

Akranesviti er utan hafnarsvæða, þ.e. á strandsvæði á Breiðinni. Krossvíkurviti, sem nýttur er sem innsiglingarljós, er á íþróttasvæði 302 ÍP.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
102-H	17,5 /26	Akraneshöfn	Fjölbreytt hafnarstarfsemi, fiskvinnsla, þjónusta og önnur hafnsækin starfsemi. Deiliskipulag hefur verið unnið fyrir hluta hafnar-svæðisins. Svæðið er nú um 11,5 ha. Ytri afmörkun er um 26 ha.	Lokið skal gerð deiliskipulags hafnarsvæðisins. Höfn og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi, fiskiðnað og aðra athafnarstarfsemi. Gert er ráð fyrir lengingu hafnarkants og um 6 ha. landfyllingu sunnan núv. sjóvarnargarðs. N: 0,5.
120-H	5,2/9,2	Skipasmíðastöð við Lambhúsasund, Grenjar	Lóð skipasmíðastöðvar og dráttarbrautar ásamt hafnarmannvirkjum.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.

2.14. EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E)

2.14.1. Efnistökusvæði

- Unnið verði áfram að því að minnka umfang sorps til förgunar m.a. með flokkun og endurvinnslu.

Engin efnistökusvæði eru innan bæjarmarka.

2.14.2. Landfyllingar

Landfyllingar sem eru áætlaðar 5 ha eða stærri og kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. ákvæðum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Gert er ráð fyrir landfyllingum á hafnarsvæði 102-H og miðsvæði 134-M. Tákn fyrir efnislosun/landfyllingu (skástríkun) er lagt yfir fyrirhugaða landnotkun (hafnarsvæði og miðsvæði). Að öllum líkindum mun óvirkur úrgangur sem fellur til við niðurrif á sementsreit nýtast í nálægar landfyllingar. Að öðru leyti verður efni í landfyllingar fengið úr viðurkenndum námum með starfsleyfi.

- 103-E Stækkun hafnarsvæðis. Um 6 ha landfylling, bryggja og sjóvarnargarður.
- 135-E Landfylling við miðsvæði 134 og vegna breytinga á sjóvarnargarði og gönguleið meðfram Faxabraut. Samtals um 1,2 ha.

2.14.3. Efnislosun og sorpförgun

Á svæði **607-OP**, útivistarsvæði við Berjadalsá, verður heimilt að losa jarðefni, mold, sem nýtt verður til landmótunar. Unnið skal deiliskipulag og áætlun um landmótun.

Unnið er í samræmi við sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 - 2020 sem Sorpurðun Vesturlands er aðili að. Sorpmóttökustöðin Gáma sem er í eigu Akraneskaupstaðar sér um móttöku, flokkun og förgun sorps. Óvirkur úrgangur verður mulinn niður og þannig enduruninn og nýttur m.a. í landmótun. Brotamálmar og spilliefni eru sendir til endurvinnslu á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis. Sorpmóttökustöð er á nyrðri hluta iðnaðarsvæðisins í Höfðaseli. Sorpurðun Vesturlands urðar heimilissorp í landi Fíflholta í Borgarbyggð.

Efnislosunarsvæði **606 E** er við Berjadalsá, 3,4 ha. Þar er heimilt að losa jarðefni eða urða óvirkan úrgang, sem ekki hefur í för með sér mengun eða önnur áhrif á umhverfið. Unnin skal áætlun í samræmi við reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003 um landmótun, frágang og

Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.g.

Landbúnaðarsvæði (L).

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.q.

Frístundabyggð (F).

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.h.

Strandsvæði (ST).

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.2.w.



Mynd 2.12 Jaðarsbakkar, Langisandur

vöktun. Frágangur og landmótun falli vel að aðliggjandi svæðum. Ekki eru uppi áform um nýtingu landsins til annarra nota.

2.15. LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)

Ekkert svæði innan bæjarmarka er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

2.16. SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAFYGGÐ (F)

Ekkert svæði innan bæjarmarka er skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Í deiliskipulagi svæðis 215-AF, tjaldsvæðis í Kalmansvík, er gert ráð fyrir litlum gistiskálum. Svæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðarmannasvæði.

2.17. STRANDESVÆÐI (ST)

Óbyggð svæði milli byggðar og sjávar eru skilgreind sem strandsvæði. Hluti þeirra nýtur hverfisverndar og gilda þar hverfisverndarákvæði. Svæðin eru ónúmeruð en merkt ST.

Tryggja skal útivistargildi svæðanna og aðgengi almennings. Sjóvarnargarðar eru heimilir á strandsvæðum sbr. kafla 3.4.1, mannvirki veitukerfa samkvæmt skipulagi og vitar og siglingamerki.

Náttúruminjasrá skiptist í þrjá hluta:

1. A-hluti: Skrá yfir friðlýst svæði flokkuð eftir friðlýsingarflokkum, sbr. VIII. kafla og 54. og 55. gr., og friðaðar vistgerðir, vistkerfi og tegundir, sbr. 58. gr.
2. B-hluti: Framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.
3. C-hluti: Skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða.

Auk þess skal birta í náttúruminjasrá yfirlitskort sem sýna staðsetningu og útbreiðslu jarðminja og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 57. gr.

Í náttúruminjasrá skal náttúruminjum lýst, þar á meðal sérkennum þeirra, verndargildi og afmörkun. Skránni skal fylgja greinargerð þar sem koma skulu fram ítarupplýsingar um minjar á skránni.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 gr.33

Friðlýst svæði (FS).

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.3.d.

Önnur náttúruvernd (ÖN).

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.3.e.

3. VERNDARÁKVÆÐI OG TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

3.1. NÁTTÚRUVERND

Unnið verði markvisst að skipulags- og umhverfismálum í anda sjálfbærar þróunar svo að gætt verði jafnvægis í umhverfislegum, efnahagslegum og félagslegum þáttum með það að markmiði að gera bæjarfélagið sem vænlegast til búsetu og reksturs fyrirtækja.

- Í samræmi við áherslur og framkvæmdaáætlun í umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar verður unnið að því að bæta ásýnd og ímynd bæjarins með áherslu á uppbyggingu og viðhald grænna svæða og aukinni umhverfisvitund bæjarbúa.

Ströndin setur sterkan svip á landslag og umhverfi á Skaganum. Stór hluti landsins var áður votlendi og flói sem ræst hefur verið fram, þurrkað og ræktað. Búskapur hefur hins vegar lagst af innan skipulagssvæðisins og er hið ræktaða land nú aðallega notað til beitar. Fuglalíf er mikið og gróðurfar fjölbreytt.

Hér er gerð grein fyrir friðlýstum svæðum, jarðmyndunum og vistkerfum, sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og hverfisvernd vegna náttúruvafars sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

3.1.1. Friðlýst svæði (FS)

Náttúruverndarsvæði eru afmörkuð í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í VIII. kafla laganna er m.a. fjallað um friðlýstar náttúruminjar sem skiptast í 8 flokka.

1. Náttúruvé.
2. Óbyggð víðerni.
3. Þjóðgarðar.
4. Náttúruvætti.
5. Friðlönd.
6. Landslagsverndarsvæði.
7. Náttúruminjar í hafi.
8. Fólkvangar.

Eitt svæði innan bæjarmarka er friðlýst skv. náttúruverndarlögum. Blautós og Innstavogsnes er friðland og gilda um það sérstakar umgengnisreglur. Engin önnur svæði innan skipulags-svæðisins eru á náttúruminjaskrá.

- **FS Blautós og Innstavogsnes eru friðlýst sem friðland skv. náttúruverndarlögum. Stærð svæðisins er 288 ha. Afmörkun friðlandsins á skipulagsupprætti er samkvæmt gögnum frá Umhverfisstofnun.**

3.1.2. Önnur náttúruvernd – jarðmyndanir og vistkerfi (ÖN)

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar samkvæmt 57. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar:

- votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 10.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,
- birkiskógar sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga, svo og leifar slíkra skóga.

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar:


- eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,
- fossar og umhverfi þeirra í allt að 200 metra radíus frá fossbrún,
- hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Innan skipulagssvæðisins nær þetta ákvæði fyrst og fremst til tjarna, mýra, flóa og sjávarfitja og leira. Náttúrufræðistofnun Íslands gerði sérstaka úttekt á gróðurfari á skipulagssvæðinu og er niðurstaða þeirrar vinnu nýtt vegna tillögugerðar um hverfisverndarsvæði vegna náttúrufars í kafla 3.1.3. Skipulagi og framkvæmdum á þeim svæðum skal haga í samræmi við ákvæði 57. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

3.1.3. Hverfisvernd vegna náttúrufars og útivistar (HV)

ALMENNAR FORSENDUR

Sett eru ákvæði um hverfisvernd nokkurra svæða sbr. umfjöllun í kafla 3.1.2. Öll strandlengjan innan skipulagssvæðisins, að frátalinni höfninni og Lambhúsasundi, nýtur



Mynd 3.1 Yfirlitskort náttúruverndar.

Hverfisvernd (HV).

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningar-sögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Skipulagsreglugerð 90/2013 gr. 6.3.i.



Mynd 3.2 Á Elínarhöfða



Mynd 3.3 Suðurflös

hverfisverndar vegna landslags, náttúrufars og auðugs fuglalífs auk þess sem svæðin hafa mikið útivistargildi. Einnig nýtur Miðvogslækur og votlendi við Blautós hverfisverndar.

Hverfisverndarsvæði eru sýnd á aðalskipulagsupprætti með rúðustrikun, merkt númeri landnotkunarreits og bókstöfunum HV. Þau eru að hluta úti í sjó.

HVERFISVERND STRANDARINNAR

- **101-HV Ströndin, Víkur - Breið.** 29 ha.
- **121-HV Ströndin, Presthúsahein - Krókalón, allt svæðið innan skerja að byggð.** Svæðið er um 40 ha að stærð.
- **301-HV Langisandur, Sólmundarhöfði.** 21 ha.
- **501-HV Ströndin, Innsti-Vogur – Miðvogur - Kalmansvík, 50-200 m svæði meðfram ströndinni ásamt fjörum og skerjum.** 91 ha.

Hverfisverndarsvæði 501-HV og 121-HV mynda ásamt friðlandinu í Blautósi og Innstavogsnesi N1 samfellt verndarsvæði með norðurströnd bæjarlandsins. Verndun strandarinnar og nýting hennar til útivistar er í samræmi við markmið bæjarstjórnar og skýran vilja bæjarbúa á íbúafingi í september 2003. Afmörkun verndarsvæða við ströndina er sýnd í grófum dráttum þar sem jaðar þeirra gagnvart bænum getur verið óljós (t.d. aðliggjandi landnotkunarflétir, sjóvarnargarðar). Innan hverfisverndarsvæða eru einnig búsetuminjar og varðveisluverð bygging sbr. kafla 3.2.1 og 3.2.2. Verndarákvæði eiga við náttúrufar annars vegar og útivistargildi hins vegar. Mannvirkjagerð sem styður við tilgang hverfisverndarinnar og raskar ekki viðfangi hennar er heimil sbr. nánari ákvæði.

Ákvæði:

- a Svæði 501-HV er að mestu ósnortið. Þar verða engin mannvirki heimiluð önnur en stígar og upplýsingaskilti.
- b Mannvirkjagerð á svæðum 121-HV, 101-HV og 201-HV skal haldið í lágmarki. Gert er ráð fyrir dælustöð fráveitu 107-I við Krókalón og útrás fráveitu frá hreinsistöð við Ægisbraut auk þess sem uppbyggingu og viðhaldi sjóvarnargarða verður fram haldið.
- c Heimilt að setja upp minni háttar byggingar með aðstöðu (snyrtingar, sturtur, búningsklefar) vegna baðstrandarinnar á Langasandi, 201-Hv.
- d Öll mannvirki skulu taka mið af umhverfi og hlutverki svæðanna og þess gætt sérstaklega að viðhalda og varðveita verðmæt einkenni þeirra, bæði með tilliti til náttúrufars og útivistar.
- e Annað jarðrask og efnistaka er óheimil.

- f Öll mannvirki, s.s. göngustíga, sjóvarnargarða, lagnir og önnur veitumannvirki skal fella sem best að náttúru og umhverfi.

ÖNNUR HVERFISVERND

Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla, smádyra og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Margvísleg ferli eiga sér stað í votlendi svo sem vatnsmiðlun, mómyndun og uppsöfnun sets. Sökum þessara ferla hefur óraskað votlendi mikið gildi sem samofin eining í landinu, sérstaklega hvað varðar vatns- og efnabúskap stærri landslagseininga.

Með endurheimt votlendis er leitast við að færa land til fyrra horfs og skapa svipuð lífsskilyrði fyrir gróður og dýralíf og áður var. Gildi endurheimtar votlendis er margs konar. Nefna má að óraskað votlendi bindur kolefni andrúmsloftsins en raskað land losar kolefni. Með tímanum ætti endurheimt votlendis því að fela í sér bindingu kolefnis. Litið er á endurheimt votlendis sem lið í almennri náttúru- og landslagsvernd sem getur aukið útivistargildi svæða. Þau geta orðið áhugaverð til fuglaskoðunar og skilyrði geta skapast til veiða á fugli og fiski. Stefnt er að endurheimt votlendis á svæði 503-HV við Innstavog og Blautós. Auk þess er lagt til að umhverfi Miðvogslækjar, neðan Þjóðvegjar, njóti hverfisverndar.

- **503-HV Votlendi við Innsta-Vog. Endurheimt votlendis.** 10 ha.

Ákvæði:

- a Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki. Einungis er gert ráð fyrir útivistarstíg yfir svæðið að Innstavogsnesi auk upplýsingaskilta. Taka skal mið af umhverfi og þess gætt sérstaklega að viðhalda og varðveita verðmæt einkenni svæðisins bæði með tilliti til náttúrufars og útivistar.
- b Fyllt verði í framræsluskurði á svæðinu og það beitarfriðað.

- **502-HV Miðvogslækur.** 1,8 ha.

Ákvæði:

- a Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki. Eingöngu er um að ræða göngu- og reiðleiðir sem skulu taka mið af umhverfi og skal þess gætt sérstaklega að viðhalda og varðveita verðmæt einkenni svæðisins bæði með tilliti til náttúrufars og útivistar.
- b Jarðrask og efnistaka er óheimil.
- c Heimilt verður að nýta lækinn sem viðtaka fyrir yfirborðsvatn úr nálægum hverfum enda fylgi því engin hætta á mengun.

Úr lögum um menningarminjar nr. 80/2012:

3. grein. Fornminjar: Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri ..[dæmi]. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

5. gr. Friðun og friðlýsing: Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. Um friðun og verndun kirkjugripa fer samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands.


Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

21. gr. Verndun fornleifa: Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

22. gr. Friðhelgun og merkingar: Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

23. gr. Fornleifar í hættu: Hver sá sem verður var við að fornleifar liggja undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

24. gr. Áður ókunnar fornminjar: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megu úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megu fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.



Mynd 3.4 Helstu minjastaðir á Akranesi



Mynd 3.5 Íslensk steinsteyptuklassík með barrokkívaði

3.2. MENNINGARMINJAR

3.2.1. Minjavernd

- Lögð verði áhersla á sögu svæðisins og varðveislu fornminja. Taka skal tillit til menningar- og búsetuminja í bæjarfélaginu á grundvelli skráningar og mats á mikilvægi þeirra. Í deiliskipulagi viðkomandi svæða skal gera grein fyrir því á hvern hátt minjar verði aðgengilegar eða sýnilegar.

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt lögum um menningarminjar. Um þjóðminjar gilda skýr og ströng lagaákvæði og er röskun þeirra með öllu óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands. Merking þeirra á skipulagsupprætti hefur fyrst og fremst þann tilgang að koma í veg fyrir að þjóðminjum verði spillt t.d. vegna vankunnáttu eða athugunarleysis og að tekið verði mið af þeim við skipulag og framkvæmdir. Ekki eru afmörkuð sérstök minjaverndarsvæði í aðalskipulaginu.

Fornleifastofnun Íslands gerði svokallaða aðalskráningu fornleifa á árunum 1997 og 1999. Þar voru skráðir 299 staðir, þar af 130 í landi Garða og þeirra jarða sem úr þeim byggðust, 167 í landi hins forna Heimaskaga og 2 staðir í Akrafjalli. Mannvirkjaleifar eru sjáanlegar á 34 stöðum.

Meirihluti fornleifa, þar sem byggðin er mest á skipulagssvæðinu, hefur orðið að víkja vegna þéttbýlismyndunar og atvinnuuppbyggingar á 20. öld en í útjaðri hennar er enn að finna minjastaði, þó í misgóðu ástandi. Mikilvægt er að taka mið af þekktum fornleifum við allar framkvæmdir, skógrækt og skipulag byggðar. Fornleifar geta gefið staðnum, svæðinu eða byggðinni aukið vægi og orðið áhugavert viðfangsefni í ferðaþjónustu og útivist. Auk aðalskráningar fornleifa skal vinna deiliskráningu fornleifa áður en ráðist er í breytingar á landnotkun t.d. með skógrækt og byggð. Við nýbyggingar á bújörðum og við gömul bæjarstaði skal fylgjast sérstaklega með raski þar sem mestar líkur eru á að menn rekist þar á fornleifar.

Framkvæmdum skal beina frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur stofnunin krafist þess að þeim verði frestað uns fornleifarannsókn hafi farið fram. Þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna.

Engar fornleifar hafa verið friðlýstar á Akranesi en í niðurstöðum fornleifaskráningar eru tillögur um verndun, kynningu og rannsóknir nokkurra minjastaða. Þetta eru minjastaðirnir

Presthús, Kalmansvík, Hausthús/Skúti, Elínarhöfði, Bakkabær, Miðvogur og Innstivogur (bæjarleifar þessara bæja ásamt útihúsum og garðlögum), bæjarhóllinn í Görðum og gamla Þjóðleiðin niður á Skaga.

Á skipulagsuppdrætti eru merktar þær fornleifar sem getið er um í niðurstöðu Fornleifastofnunar Íslands auk stakkstæða á Breiðinni (Þ9) og gamla vitans (Þ10). Svæði Þ1-Þ7 og Þ9 eru öll innan marka hverfisverndarsvæða vegna náttúruvafars og útivistargildis.

Þ1 Presthús, bæjarleifar, útihús og garðlög.

Þ2 Kalmansvík, bæjarleifar, útihús og garðlög.

Þ3 Hausthús, Skúti, bæjarleifar, útihús og garðlög.

Þ4 Elínarhöfði, bæjarleifar, útihús og garðlög.

Þ5 Bakkabær, bæjarleifar, útihús og garðlög.

Þ6 Miðvogur, bæjarleifar, útihús og garðlög.

Þ7 Innsti-Vogur, bæjarleifar, útihús og garðlög.

Þ8 Garðar, bæjarhóll. Rannsóknarefni.

Þ9 Breiðin, stakkstæði. Minjar um horfna atvinnuhætti.

- Ekki er getið sérstaklega um bæjarleifar, útihús og garðlög á **Sólmundarhöfða** í tillögum í fornleifaskrá. Svæðið er merkt með fornleifamerki (R) á skipulagsuppdrætti og mælt til þess að skipulag byggðar þar taki tillit til minjasvæðisins þannig að minjar verði sýnilegur þáttur í bæjarumhverfinu.
- Gamla **Þjóðleiðin** niður á Skaga er ekki merkt sérstaklega á skipulagsuppdrætti en þau ummerki um hana sem sjást enn, t.d. upphlaðnir vegkantar og brýr við Blautós, eru innan hverfisverndarsvæða.

3.2.2. Húsavernd

- Unnið verði að gerð verndaráætlunar bæjarumhverfis og bygginga á grundvelli húsakönnunar.

Á Akranesi er aðeins eitt friðlýst hús en það er Akranes Kirkja sem byggð var 1896, hönnuð og smíðuð af Guðmundi Jakobssyni forsmið. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þágildandi Þjóðminjalaga nr. 88/1989. Kirkjan er kennileiti í bæjarmyndinni og mikilvæg í götummynd Skólabrautar. Hún er í mjög góðu ástandi og talin verðmæt vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

5. gr. Friðun og friðlýsing. Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. Um friðun og verndun kirkjugripa fer samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands.

Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

29. gr. Friðuð mannvirki. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.

30. gr. Verndun annarra húsa og mannvirkja. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita áhlits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

31. gr. Friðlýst hús og mannvirki. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita áhlits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012



Mynd 3.6 Gamli vitinn á Suðurlöis



Mynd 3.7 Hús á byggðasafninu í Görðum: Neðri-Sýrupartur, Sandar og Garðahúsið.

Engar aðrar byggingar á Akranesi eru friðlýstar en samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð (sjá tilvitnun á spássíu). Auk þess gilda sérstök ákvæði um hús byggð 1925 eða fyrr. Friðuðum húsum og mannvirkjum fjölgar því eftir því sem tíminn líður. Samkvæmt húsakönnun eru 60 hús neðan Stillholts byggð fyrir 1925. Hús og mannvirki sem friðuð eru samkvæmt almennu ákvæði laganna eru tilgreind í viðauka en verða ekki merkt að öðru leyti í aðalskipulagi.

Nokkur gömul hús hafa verið flutt og endurreist á byggðasafninu í Görðum:

- **Garðahúsið.** Hlaðið steinasteypuhús reist í Görðum 1876-1882. Safnið tók við húsinu 1959.
- **Geirastaðir, Skólabraut 24.** Timburhús reist 1903-1908. Flutt í safnið 1994.
- Þurrk- og fiskhjallur ásamt bátaskýli frá **Bræðraparti** á Akranesi. Timburhús reist á síðari hluta 19. aldar. Flutt í safnið 1961.
- **Neðri-Sýrupartur, Breiðargötu 8.** Timburhús reist 1875. Flutt í safnið 1990.
- **Sandar, Krókatún 4.** Timburhús reist 1901. Flutt í safnið 1996.
- **Fróða, Vesturgata 11.** Timburhús reist 1935. Flutt í safnið 1988.
- **Háteigur 11,** Stúkuhúsið, flutt 2004.

Akraneskirkja, á miðbæjarsvæði 115-M, og Garðahúsið, sem er á sínum upphaflega stað í Görðum, eru ekki merkt sérstaklega á skipulagsuppdrætti. Gamli vitinn, byggður 1918, er á aðalskipulagsuppdrætti merktur sem þjóðminjar (Þ10) en hann er innan svæðis sem nýtur hverfisverndar vegna náttúrufars og útivistargildis.

Unnin hefur verið húsakönnun fyrir alla byggð neðan Stillholts². Þar er ítarleg húsaskrá ásamt tillögum um hverfisvernd einstakra húsa, samstæðna húsa, götummynda og heilda. Alls voru 16 hús á athugunarsvæðinu metin með hátt varðveislugildi (Akraneskirkja meðtalin). 112 hús voru metin með miðlungs varðveislugildi og 3 hús með lágt. Sjá mynd 3.8.

Ekki eru sett sérstök hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi um húsavernd á þessu stigi. Taka skal mið af niðurstöðum húsakönnunar og tillögu um hverfisvernd, sem þar er sett fram, í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

² Perla Faxaflóa. Bæja- og húsakönnun á Skipaskaga. Guðmundur L. Hafsteinsson. Akraneskaupstaður 2009

3.3. VATNSVERND

3.3.1. Skilgreining vatnasvæða og flokkun vatns

Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns (796/1999) svo og vatnsverndarsvæði sem skulu flokkuð í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. ákvæði reglugerðar um neysluvatn (536/2001).

Grunnvatn og yfirborðsvatn, þar á meðal sjór við strendur, skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns í eftirtalda flokka:

Flokkur A:	Ósnortið vatn
Flokkur B:	Lítið snortið vatn
Flokkur C:	Nokkuð snortið vatn
Flokkur D:	Verulega snortið vatn
Flokkur E:	Ófullnægjandi vatn


3.3.2. Vatnsverndarsvæði

Vatnsból og vatnsverndarsvæði Akurnesinga eru þrjú talsins, öll utan sveitarfélagsmarka í Hvalfjarðarsveit, og því ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti Akraness.

Meginhluti neysluvatns er tekið úr Berjadalsá í gegnum hreinsistöð. Einnig er tekið vatn undir rótum Akrafjalls úr lindum Óslækjar og úr safnlögnum og brunnum við Slögu. Vatnið er að mestu yfirborðsvatn og því geislað vegna mengunarhættu. Vatnstökusvæðin í Akrafjalli eru talin duga Akraneskaupstað næstu 20 árin án breytinga að mati Orkuveitu Reykjavíkur, sem rekur vatnsveitu bæjarins. Hægt er að auka vatnstöku úr Akrafjalli úr lindum sem eru ekki virkjaðar, ef vatn skortir.

3.3.3. Strendur, ár og vötn

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og ákvæði skipulagsreglugerðar eru sett langtímamarkmið um ástand strandsvæða. Stór hluti af sjávarströnd Akraneskaupstaðar nýtur annað hvort friðlýsingar eða er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði á skipulagsupprætti m.a. vegna útivistargildis. Langisandur, eitt af helstu útivistarsvæðum bæjarins, er í nágrenni hafnarinnar. Ekki liggur fyrir greining Heilbrigðiseftirlits á stöðu mála en talið er að hluti strandarinnar gæti verið í flokki A, ósnortið. Jafnframt sýna mælingar að ástand sjávar í höfninni og á Langasandi er gott í þessu tilliti.



Mynd 3.8 Varðveislugildi húsa neðan Stíllholts. Úr Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2009; Guðmundur L. Hafsteinsson.



Mynd 3.9 Akranes, Akrafjall, Reyn.



Mynd 3.10 Yfirlitsmynd sjóvarna.

Orkuveita Reykjavíkur vinnur að áætlun um lausn á fráveitumálum bæjarins þannig að ákvæðum reglugerða verði fullnægt. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að fráveitulögnum þéttbýlisins verði safnað í eina útrás um hreinsistöð við Ægisbraut með útrásaropi í um 800 m undan ströndinni.

Miðað er við að öll strandlengjan innan skipulagssvæðisins verði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. grein reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Flokkur B miðast í meginráttum við „að lítil og ekki skaðleg áhrif séu greinanleg á lífríki og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess vegna mannlegrar starfsemi“. Einnig er stefnt að því að vatnasvæði innan bæjarmarkna, þar á meðal Berjadalsá, verði í flokki B. Unnin verði áætlun um það á hvern hátt verði komist hjá mengun vatns og ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns uppfyllt í tengslum við endurskoðun svæðisskipulags sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar.

3.4. SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

Náttúruvá sem helst þarf að skoða og fylgjast með á Akranesi eru sjávarflóð³. Ekki er talin hætta á að eldvirkni, jarðskjálftar, snjóflóð eða skriðuföll geti valdið umtalsverðum skaða á skipulagssvæðinu. Hætta er á sjávarflóðum á þeim svæðum sem lægst standa á Skaganum, Ægisbraut og Breið, við vissar aðstæður. Hættusvæði eru varin með sjóvarnargörðum og ekki afmörkuð á skipulagsupprætti.


3.4.1. Sjóvarnargarðar

Mannvirki til að verjast rofi á strandlengju (sjóvarnargarðar), sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, eru tilgreind í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Sjóvarnargarðar hafa verið gerðir meðfram stórum hluta strandlengjunnar og er unnið að áframhaldandi uppbyggingu þeirra og viðhaldi samkvæmt áætlun Siglingastofnunar þannig að byggð stafi ekki hætta af flóðum auk þess sem þeir eru jafnframt vörn gegn landbroti. Einnig er gert ráð fyrir varnargörðum á nýjum landfyllingum á hafnarsvæði. Varnargarðarnir eru ekki merktir sérstaklega á aðalskipulagi en þeir eru innan strandsvæða (ST) og hafnarsvæða (H).

³ Áhættuskoðun almannavarna 2008-2011. Almennavarnarnefnd Akraness, Ríkislögreglustjórnin.

Gerð þeirra er heimil þar sem þeirra er þörf skv. áðurnefndri áætlun enda verði tekið mið af umhverfissjónarmiðum og ákvæðum hverfisverndar, þar sem það á við, við hönnun þeirra og gerð. Varnarmannvirki gegn ágangi sjávar eru tilkynningarskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.



Mynd 4.1 Yfirlitskort, gatnakerfi.

4. SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

Lögð skal áhersla á góðar og öruggar samgöngur. Stefna skal að því að almennings-samgöngur og hjólreiðar verði raunhæfir valkostir sem flestra.

4.1. GATNAKERFI

Að Akranesi liggja stofnvegirnir Akrafjallsvegur, vegur nr. 51, og Akranesvegur, vegur nr. 509. Innesvegur, vegur nr. 503, er eina gatan innanbæjar sem er í umsjá Vegagerðarinnar. Stofn- og tengivegir innanbæjar eru að öðru leyti í umsjá Akraneskaupstaðar. Einn héraðsvegur Einhamarsvegur nr. 5042 (0,04 km) er innan bæjarmarka.

Þjóðbraut/Faxabraut er stofnbraut frá Akrafjallsvegi (þjóðvegi/stofnvegi) að höfninni. Tengibrautir á Akranesi eru Kalmansbraut, Kirkjubraut, Akursbraut, Hafnarbraut, Stillholt og Innesvegur. Þetta eru aðalumferðarleiðir milli hverfa og megináfangastaða innanbæjar en Kirkjubraut hefur sérstöðu þar sem hún er að hluta dæmigerð aðalgata í miðbæ með hægri umferð og fjölbreyttari byggð sem annars er yfirleitt ekki við tengibrautir. Safnbrautir á Akranesi eru Garðagrund, Þjóðbraut og Garðabraut.

Flokkun gatnakerfis bæjarins felst í aðalgatnakerfi með stofnbrautum og tengibrautum annars vegar og innra gatnaneti með húsagötum og aðalgötum/safngötum hins vegar.

Á aðalskipulagsupprætti er gerð grein fyrir aðalgatnakerfi bæjarins og helstu tengingum við það. Innra gatnakerfi, húsagötur og safngötur, er skilgreint í deiliskipulagi svo og útfærsla gatnamóta á aðalgatnakerfinu (s.s. hringtorg). Aðalgötur/safngötur innan hverfa eru sýndar til skýringar á upprætti. Breytingar á þeim í þegar byggðum hverfum og útfærsla og nákvæm lega í nýjum hverfum verður ákvörðuð í deiliskipulagi. Tengingar við aðalgatnakerfi eru almennt ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti þar sem landnotkunarreitir liggja að götunum. Þar sem tengingar að landnotkunarreitum liggja yfir opin eða óbyggð svæði eða um aðra reiti eru þær sýndar á aðalskipulagsupprætti. Núverandi húsagötur eru sýndar á grunnkortu (ljósgráar línur) til glöggvunar en ákvæði aðalskipulagsins eiga ekki við þær.

Stefnt er að því að tryggja umferðaröryggi með markvissri hraðastýringu bílaumferðar, t.d. svæðum með 30 km/klst. hámarkshraða og útfærslu umferðarmannvirkja, stofnbrauta og tengibrauta, sem taki mið af umhverfi og aðstæðum. Miðað er við að innra gatnakerfi nýrra hverfa geti verið net húsagatna og aðalgatna. Aðalgötur má líta á sem endurskoðaða útfærslu safngatna, sem gegni fjölbreyttara hlutverki en hefðbundnar safngötur hafa gert, þannig að hús og lóðir geti staðið við þær og haft aðkomu frá þeim auk þess sem bílastæði verði heimiluð í þeim að vissu marki. Þannig verði stuðlað að samfelldri og heillegri bæjarmynd í nýjum íbúðarhverfum.

Afmarkað er opið svæði 611-OP með sérákvæðum til þess að tryggja að möguleikar á lagningu Grunnafjarðarleiðar, breytts þjóðvegur ofan bæjarins, verði ekki skertir þótt hvergi sé gert ráð fyrir leiðinni í gildandi áætlunum. Sjá kafla 2.7 og mynd 4.1.

4.2. STÍGAKERFI

- Í aðalskipulagi skal gert ráð fyrir endurbættu göngu-, reið- og hjólastígakerfi í bæjarlandinu, m.a við endurskipulagningu eldri hverfa, og með því stuðlað að aukinni útivist, hollri hreyfingu og vistvænum samgönguháttum. Hugað skal sérstaklega að ferlimálum fatlaðra við skipulag og framkvæmdir m.a. við stígakerfi bæjarins.
- Gera skal ráð fyrir hentugum útivistarstígum utan byggðar og meðfram allri strandlengjunni.


Meginhluti stígakerfisins eru gangstéttir meðfram götum bæjarins. Í aðalskipulagi eru skilgreindir **stofnstígar** sem tengja saman hverfi og megináfangastaði og tengistígar sem eru aðrar megingönguleiðir. Stofnstígar eru jafnframt **meginhjólaleiðir** þar sem stefnt er að endurbótum og aðgerðum til þess að auðvelda hjólreiðar og gera þær öruggari. Stofnstígar fá forgang í uppbyggingu og viðhaldi (t.d. vetrarviðhaldi). Strandstígar er útivistarstígar með ströndinni. Stofnstígar, tengistígar og strandstígar eru sýndir á aðalskipulagsupprætti.


Reiðleiðanet er utan byggðar út frá hesthúsa hverfinu í Æðarodda. Reiðleiðir tengjast Hvalfjarðarsveit norðan byggðarinnar og við þjóðveg..

4.3. ALMENNINGSSAMGÖNGUR

- Áfram verði reknar almenningssamgöngur innan bæjar m.a. í þeim tilgangi að sporna við ofnotkun einkabíla í samræmi við framkvæmdaáætlun í umhverfismálum (Std. 21).
- Áfram verði tryggðar almenningssamgöngur milli Akraness, höfuðborgarsvæðisins, Vesturlands og annarra landshluta.

Gjaldfríar almenningssamgöngur eru reknar á Akranesi eftir einni hringleið um bæinn. Akranes tengist almenningssamgönguneti Strætó BS með áætlunarleiðum til Reykjavíkur og um Borgarfjörð norður til Akureyrar. Ekki er þörf fyrir sérstök ákvæði vegna almenningssamgangna í aðalskipulaginu.





Mynd 4.3 Yfirlitskort, stofnlagnir, veitumannvirki.



Mynd 4.4 Fótboltamenn. Verk eftir Sigurjón Ólafsson.

4.4. FLUGVELLIR, HAFNIR

Enginn flugvöllur er innan bæjarmarka. Um hafnir er fjallað í kafla 2.9. Hafnarsvæði.

4.5. VEITUR

- Veitur bæjarins skulu tryggja nægjanlegt framboð af góðu vatni til neyslu og hitunar.
- Íbúar sveitarfélagsins skulu hafa aðgang að öflugri og öruggri gagnaveitu.
- Hreinsun fráveituvatns verði í samræmi við ákvæði reglugerða.

Breytingar á stofn- og dreifilögnum veitukerfa, sem fylgja götum, stígum og öðrum mannvirkjum og hafa ekki áhrif á ósnert land eða verndarsvæði, eru ekki háðar aðalskipulagsákvæðum

4.5.1. Vatnsveita

Í kafla 3.3.2 er gerð grein fyrir neysluvatnsöflun og vatnsverndarsvæðum, sem eru utan bæjarmarka. Aðveitulögn vatnsveitu frá Akrafjalli, geislahús og vatnstankur, er merkt á aðalskipulagsupprætti. Aðrar stofnlagnir og dreifilagnir fylgja götum og stígum og því ekki gerð grein fyrir þeim á skipulagsupprætti. Núverandi stofnlagnir vatnsveitu eru sýndar á skýringarupprætti í forsenduhluta greinargerðar.

4.5.2. Hitaveita

Vatnstankur og dælustöð hitaveitu eru á iðnaðarsvæði 507-I norðan bæjarins sbr. kafla 2.9. Gert er ráð fyrir stækkun vatnstanksins eða byggingu nýs. Aðveitulögn hitaveitu frá Deildartungu liggur meðfram þjóðvegi að dælustöðinni. Aðrar stofnlagnir og dreifilagnir fylgja götum og stígum og er ekki gerð grein fyrir þeim á skipulagsupprætti. Núverandi stofnlagnir hitaveitu eru sýndar á skýringarupprætti í forsenduhluta greinargerðar.

Í kafla 2.9, iðnaðarsvæði, er fjallað um svæði fyrir veitumannvirki (mannvirki fráveitu, hitaveitu og rafveitu).

4.5.3. Rafveita

Gert er ráð fyrir að aðveitustöð rafveitu verði á svæði 214-I norðan til á Smiðjuvallasvæðinu sbr. kafla 2.9. Flutningslínur að aðveitustöðinni úr norðri eru sýndar á aðalskipulagsupprætti. Innan byggðar, núverandi og fyrirhugaðar, eru allar línur lagðar í jörð. Rafflínur fylgja fyrst

og fremst götum og stígum. Þær eru ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti. Núverandi stofnlagnir rafveitu eru sýndar á skýringarupprætti í forsenduhluta greinargerðar.

4.5.4. Fráveita

Unnið hefur verið samkvæmt áætlun um uppbyggingu aðalfráveitukerfis, byggingu dælustöðva og hreinsun fráveituvatns þar sem gert er ráð fyrir að frárennsli verði sameinað í einni útrás til norðvesturs frá hreinsistöð við Ægisbraut með útrásaropi í um 800 m frá landi. Við gerð áætlunarinnar var dreifing mengunar (saurkóligerla) metin/reiknuð miðað við mismunandi útrásir og 50-100% fjölgun íbúa. Gert er ráð fyrir að eftir að útrásin verður tekin í notkun verði fjöldi saurgerla við ströndina undir 100/100 ml. Áætlunin um hreinsun fráveituvatns, losun skólps og meðhöndlun seyru var unnin í samræmi við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Áætlun Orkuveitu Reykjavíkur miðast við að verklok framkvæmda við fráveitumannvirki verði 2016.

Dælu- og hreinsistöðvar fráveitu eru á svæðum 107-I, 122-I, 202-I og 315-I sbr. kafla 2.9. Lega útrásar er sýnd á aðalskipulagsupprætti. Aðrar stofnlagnir fylgja fyrst og fremst götum og stígum og er ekki gerð grein fyrir þeim á skipulagsupprætti..

4.5.5. Gagnaveita


Stofn- og dreifilagnir gagnaveitu (símalagnir og ljósleiðarar) fylgja götum og stígum og eru ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti.



Mynd 4.5 Á Sólmundarhöfða



Mynd 4.6 Kalmansvík



Mynd 5.1 Skafatangahöfn skv. Aðalskipulagi Akraness 2005-2017.



Mynd 5.2 Hafnarsvæði skv. tillögu að aðalskipulagi 2017.

5. UMHVERFISKÝRSLA

5.1. YFIRLIT

Við upphaf endurskoðunar Aðalskipulags Akraness 2005-2017 voru helstu viðfangsefni talin þessi (Áfangaskýrsla 1. Lýsing dags. í sept. 2011):

- a) Endurmat á íbúabróun, íbúðapörf og landþörf.
- b) Breytingar á hafnarsvæði.
- c) Endurskoðun göngu- hjóla – og reiðstígakerfis.
- d) Endurskoðuð landnotkun:
 - Framtíðaríbúðarsvæði.
 - Nýr kirkjugarður.
 - Svæði fyrir garðyrkjustöð (frágengið með breytingu á aðalskipulagi 2015).

Eftirtalin viðfangsefni bættust við á verktíma:

- e) Sementsreitir (gert með breytingu á gildandi aðalskipulagi 2017).
- f) Stækkun miðsvæðis 208-M (gert með breytingu á gildandi aðalskipulagi 2017).
- g) Stækkun tjaldsvæðis í Kalmansvík, svæði 2015.

Auk þessara úrlausnarefna voru gerðar nokkrar minni háttar lagfæringar á skipulagsupprætti og greinargerð sbr. yfirlit í kafla 6.1.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir framkvæmdum, sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar er fyrst og fremst um að ræða landfyllingar á hafnarsvæði en landfyllingar, 5 ha eða stærri, eru tilkynningarskyldar sbr. 6. gr. laganna og 2. viðauka þeirra. Ekki er beinlínis gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum, sem falla undir ákvæði laganna, en upp geta komið framkvæmdahugmyndir eða áform um atvinnustarfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum eða er tilkynningarskyld. Ekki eru forsendur fyrir frekari umfjöllun um slíka starfsemi á þessu stigi.

Gerð er grein fyrir **umfangi** skipulagsáætlunarinnar í 1. kafla og í kafla 1.2 er ágríp **helstu forsendna**, sem nánar er gerð grein fyrir í fylgiskjali (Áfangaskýrsla 3. Forsendur, mars 2013). Í kafla 1.4 er gerð grein fyrir **tengslum við aðrar áætlanir**.

5.2. MAT Á STEFNU

Endurskoðun aðalskipulags Akraness felur ekki í sér aðrar grundvallarbreytingar á stefnu bæjarstjórnar um landnotkun og landnýtingu en breytt áform um Skarfatangahöfn (sjá 5.3). Breytingar á Sementsreitnum voru teknar inn í drög að nýju aðalskipulagi eftir að ákvarðanir

um lokun verksmiðjunnar og afhendingu lands og mannvirkja til Akranesbæjar lágu fyrir. Þær eru í meginatriðum samræmi við fyrri áform um að svæðið yrði tekið undir byggð þegar verksmiðjan hætti rekstri.

5.3. SAMANBURÐUR SKIPULAGSKOSTA

a) ENDURMAT Á ÍBÚAÞRÓUN, ÍBÚÐAÞÖRF OG LANDÞÖRF.

Endurmat á íbúáþróun, íbúðaðörf og landþörf felur ekki í sér ólíka skipulagskosti. Gerð er grein fyrir endurmatinu í forsenduhefti aðalskipulagsins (maí 2013) en ágríp er í kafla 1.1.3.

b) BREYTINGAR Á HAFNARSVÆÐI

Endurskoðun á skipulagi hafnarsvæða felur í sér að fallið er frá fyrri áformum um Skarfatangahöfn. Gerð var grein fyrir umhverfisáhrifum hennar í grófum dráttum við gerð Aðalskipulags Akraness 2005-2017. Breytingin felur í sér lítils háttar stækkun hafnarmannvirkja frá því sem nú er en mun minni landfyllingar og þar með minni áhrif á umhverfi og bæjarmynd en gert var ráð fyrir áður. Fallið er frá möguleika á gerð um 950 m langs hafnargarðs austur frá Skarfavör og um 13,5 ha landfyllingu. Endurskoðunin byggist á mati Siglingastofnunar annars vegar og breyttum áætlunum Faxaflóahafna sf. hins vegar.

Við gerð gildandi aðalskipulags var gert ráð fyrir Skarfatangahöfn samkvæmt grófum frumdrögum mannvirkja „þrátt fyrir talsverð áhrif á strönd, minjar og bæjarmynd þar sem framkvæmdin skiptir meginmáli við uppbyggingu í sjávarútvegi og er líkleg til að styrkja stöðu og hlutverk Akraneshafnar sem fiskihafnar og úrvinnslustöðvar fyrir sjávarfang. Með gerð hafnarinnar opnast þróunarkostir í atvinnulífi bæjarins í samræmi við markmið bæjarstjórnar.“

Ný landfylling austan Steinsvarar gæti orðið allt að 5,1 ha og er því tilkynningarskyld framkvæmd skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Með landfyllingunni verður athafnasvæði hafnarinnar stækkað og kostur verður á nokkurri stækkun athafnalóða á svæðinu. Landfyllingin liggur fyrst og fremst upp að núverandi grjótvörn hafnargarðsins og Steinsvör. Strandlengjan er verðmæt sem útivistarsvæði þótt hún sé á þessum slóðum í návígi við atvinnufyrirtæki og hafnarstarfsemi auk þess sem sjóvarnargarðar hafa víða verið gerðir ofan sjávarklappanna.

c) ENDURSKOÐUN GÖNGU- HJÓLA – OG REIÐSTÍGAKERFIS

Endurskoðun stígakerfis var unnin af starfsmönnum Akranesbæjar. Meginstígakerfi verður nokkuð gisnara en áður og skýrari munur er gerður á meginstígum og almennum stígum, sem mynda þétttriðið net um bæinn. Einnig er með endurskoðuninni stuðlað að auknu öryggi



Mynd 5.3 Sjóvarnargarður í Leyni.



Mynd 5.4 Horft af Akrafjalli 2005.

reiðmanna og annars útivistarfólks með skýrari aðgreiningu og betri skilgreiningu um heimilaða umferð á stígum bæjarins.

d) ENDURSKOÐUÐ LANDNOTKUN

Endurskoðun landnotkunar á við tiltölulega einfaldar ákvarðanir um landnotkun á röskuðu landi, aðallega framræstu ræktarlandi en stór hluti votlendis í Garðafloa var ræstur fram um miðja síðustu öld. Breytt notkun svæðanna eða breytt afmörkun landnotkunarreita hefur ekki neikvæð áhrif á náttúrufar og umhverfi.

Framtíðaríbúðarsvæði.

Mörk Skógahverfis til norðurs og norðausturs eru endurskoðuð. Gengið er á svæði, sem áður voru áformuð til skógræktar. Áfram verða þó skógræktarsvæði milli byggðar og þjóðvegjar. Áhrif af byggð á umhverfi og náttúrufar eru sams konar og annars staðar á nýbyggingarsvæðum Akurnesinga, þekkt og fyrirsjáanleg.

Stækkun miðsvæðis 208-M

Gert er ráð fyrir þéttari blandaðri byggð á reit 208-M þar sem atvinnustarfsemi, miðbæjarstarfsemi, verður á jarðhæð meðfram Þjóðbraut og á syðstu lóðinni við Dalbraut. Svæðið er allt raskað land og hefur uppbygging því engin áhrif á náttúrufar eða menningarminjar. Þétt byggð fullnýtir fyrirbyggjandi þjónustukerfi og eykur hagkvæmni í rekstri bæjarins.

Kirkjugarður

Við endurskoðun skipulagsins kom til athugunar að nýr kirkjugarður yrði á svæði 327 ofan Garðalundar. Fallið er frá þeirri hugmynd og er nú gert ráð fyrir að unnt verði að stækka kirkjugarðinn til vesturs á svæði sem merkt er S-13 í aðalskipulagi 2005-2017 og var ætlað undir nýja kirkju.

Sementsverksmiðjureitur

Þann 27. desember 2013 undirrituðu fulltrúar Akraneskaupstaðar, Sementsverksmiðjunnar ehf. og Arion banka samning um eignarhald Akraneskaupstaðar á stærstum hluta mannvirkja og lóða Sementsverksmiðjunnar, þ.e. á svokölluðum Sementsverksmiðjureit. Haldið var íbúafundur og íbúafundur um frumhugmyndir um nýtingu svæðisins og var hafin vinna við gerð deiliskipulags þess í ársbyrjun 2016. Á svæðinu verður blönduð byggð með íbúðum, verslun, þjónustu og atvinnustarfsemi.

Tillögur að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi voru auglýstar og samþykktar 2017. Breytingin er því ekki hluti heildarendurskoðunar aðalskipulagsins.

Á breytingarblaði aðalskipulags er gerð grein fyrir umhverfismati skipulagsbreytingarinnar. Sementsverksmiðjan hefur frá upphafi haft talsverð áhrif á umhverfi sitt. Því tímabili í sögu bæjarins er lokið og mun fyrirhuguð uppbygging svæðisins styrkja bæjarmynd Akraness og bæta hagkvæmni í rekstri þar sem vöxtur íbúðarbyggðar og atvinnufyrirtækja verður innan núverandi byggðar í stað þess að vera á óbrotnu landi í útjaðri bæjarins. Talsverð breyting verður á bæjarmynd Akraness með niðurrifi verksmiðjubygginganna en ný byggð mun verða í svipuðum mæliskvarða og núverandi íbúðarbyggð og miðbær.

Aðrar breytingar

Fallið er frá breytingu á sjóvarnargarði í Leyni og þar með möguleika á stækkun íbúðarsvæðis meðfram Innnesvegi. Sjóvarnargarðurinn hefur verið endurbýggður.

Grunnafjarðarleið, breyttur þjóðvegur 1, er ekki á skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 var skipulagi frestað í vegstæði Grunnafjarðarleiðar. Ekki er gert ráð fyrir veginum í þessari áætlun en hugsanlegt vegstæði er afmarkað sem opið svæði með ákvæðum um að óheimilt verði að skipuleggja þar landnotkun eða varanleg mannvirki sem staðið geti í vegi fyrir breyttum þjóðvegi.

Miðsvæði við Þjóðbraut/Dalbraut er stækkað og gert ráð fyrir þéttri blandaðri byggð.

Gróf samantekt áhrifa helstu viðfangsefna endurskoðunarinnar er sett fram á mynd 5.5. Hver liður er borinn saman við núllkost/óbreytta stöðu, sem ekki er tilgreind eða metin sérstaklega.

5.4. UMHVERFISÞÆTTIR, SEM VERÐA FYRIR ÁHRIFUM

Áhrif af framkvæmdum á grundvelli skipulagsins verða bæði vegna landfyllinga (áhrif á strönd og bæjarmynd) og breytinga á Sementsreit. Það land annað sem brotið er undir byggð og starfsemi undantekningarlaust er raskað land, framræst votlendi með gömlum túnum. Áhrif framkvæmda á bæjarmynd verða í grófum dráttum jákvæð en munu annars fara eftir útfærslu í deiliskipulagi og hönnun.

5.5. UMHVERFISVANDAMÁL

Í aðalskipulaginu eru ekki skilgreindar heimildir til framkvæmda á svæðum sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.

Unnið er að framkvæmdum við fráveitu samkvæmt ákveðinni áætlun þannig að ákvæði reglugerða um mengun og hreinleika sjávar verði uppfyllt.











































Loftmengun vegna starfsemi Sementsverksmiðjunnar er ekki lengur fyrir hendi.



Mynd 5.5 Skýringar við matstöflu, mynd 5.6.

Með endurbótum á gatnakerfi og markvissri hraðastýringu umferðar (30 km svæði) er stuðlað að bættu umferðaröryggi.

Með gerð sjóvarnargarða er dregið úr flóðahættu og landbroti.

Aðalskipulag Akraness 2015-2027. UMÁ 					
Samanburður við óbreytta stöðu					
	01	02	03	05	07
Viðfangsefni > V Matspættir	Skarfatangahöfn svk. ASAKRA-05 (13,5 ha)	Landfylling án Skarfatangahafnar (5,1 ha)	Skógahverfi stækkað til norðurs	Endurskoðun stígakerfis	Miðbæjar- og íbúðarbyggð á sementsreit
Náttúrufar - jarðmyndanir, landslag	<ul style="list-style-type: none">  Klettaströnd og Steinsvör hverfa undir fyllingu  Mikil breyting á bæjarmynd frá hafi 	<ul style="list-style-type: none">  Steinsvör hverfur undir fyllingu  Minni háttar áhrif á bæjarmynd frá hafi  Engin/litil áhrif á Langasand 	<ul style="list-style-type: none">  Engar merkar jarðmyndanir eða landslag 	<ul style="list-style-type: none">  Engin áhrif 	<ul style="list-style-type: none">  Engin áhrif
Náttúrufar - gróður og dýralíf	<ul style="list-style-type: none">  Staðbundin áhrif á sjávarlíf. 	<ul style="list-style-type: none">  Staðbundin áhrif á sjávarlíf. 	<ul style="list-style-type: none">  Skerðing skógræktarsvæða  Engin áhrif á óspillta náttúru 	<ul style="list-style-type: none">  Engin áhrif 	<ul style="list-style-type: none">  Aukinn gróður með breyttri landnotkun og bæjarmynd
Samfélag - öryggi og heilbrigði	<ul style="list-style-type: none">  Bætt hafnaraðstaða  Hugsanlegir auknir landflutningar v/ aukinnar atvinnustarfsemi  Rýfur útivistarleiðir 	<ul style="list-style-type: none">  Hugsanlegir auknir landflutningar v/ aukinnar atv.starfsemi  Bætt hafnarskilyrði, bætt öryggi í höfninni 	<ul style="list-style-type: none">  Engin áhrif 	<ul style="list-style-type: none">  Bættir aðstöðu til útivistar 	<ul style="list-style-type: none">  Ný starfsemi án neikvæðra umhverfisáhrifa
Samfélag - eignir, hagkvæmni	<ul style="list-style-type: none">  Stutt frá löndunarstað að vinnslustöð  Gefur kost á atvinnuuppbyggingu á svæðinu  Óhagkvæm framkvæmd 	<ul style="list-style-type: none">  Stutt frá höfn  Gefur kost á atvinnu uppbyggingu á svæðinu 	<ul style="list-style-type: none">  Bættir hagkvæmni Skógahverfis 	<ul style="list-style-type: none">  Nýtir núv. vegi og slóða að mestu leyti 	<ul style="list-style-type: none">  Nýir framkvæmda- og byggingarkostir í beinum tengslum við eldri byggð og gamla miðbæinn.  Núverandi þjónustukerfi nýtast
Samfélag - menningarminjar	<ul style="list-style-type: none">  Söguminjar - Steinsvör, Skarfavör 	<ul style="list-style-type: none">  Söguminjar - Steinsvör 	<ul style="list-style-type: none">  Engar minjar 	<ul style="list-style-type: none">  Engin áhrif 	<ul style="list-style-type: none">  Viss ummerki um sementsverk-smiðjuna kunna að hafa minjagildi
Niðurstaða:	 Fellt út				

Mynd 5.6 Mat skipulagskosta. Samanburður við óbreytta stöðu. Skýringar eru á mynd 5.5.

5.6. HEILDARÁHRIF, SAMLEGÐARÁHRIF

Í aðalskipulaginu er mótaður almennur rammi til nánari útfærslu og framkvæmda með það að markmiði að tryggja byggð og atvinnulífi góða og heilbrigða vaxtar- og þróunarmöguleika, íbúum og samfélaginu öllu til hagsbóta. Umhverfisáhrif skipulagsins teljast því jákvæð og er að því stefnt að samlegðaráhrif þess hafi tilætlað hlutverk í þróun byggðar og atvinnulífs.

5.7. VÖKTUN OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Ekki er talin þörf á sérstökum viðbúnaði, mótvægisáðgerðum eða vöktun vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Lögboðnir eftirlitsaðilar fylgjast með ákveðnum þáttum umhverfisins. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands fylgist með vatnsgæðum í ám og vötnum, vatnsbólum og fráveitumálum eftir ákveðinni áætlun. Heilbrigðiseftirlitið fylgist einnig með þeirri starfsemi, sem er starfsleyfisskyld og starfsemi, sem haft getur neikvæð áhrif á umhverfi sitt t.d. með lykt eða annarri mengun. Hafa ber samráð við Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda sem haft geta áhrif á skráða minjastaði. Vöktun vegna reksturs nýrra fyrirtækja og framkvæmda verður ákveðin í áhrifamati viðkomandi framkvæmdar eða rekstrar eftir því sem við á.

Umhverfis- og tæknisvið Akranesbæjar fylgist með þeim þáttum, sem áhrif hafa á þróun samfélagsins s.s. um íbúapróun, þróun byggðar og þróun og samsetningu atvinnulífs. Þessir þættir liggja m.a. til grundvallar ákvarðana um endurskoðun aðalskipulags sbr. ákvæði skipulagslaga.

Bæjarstjórn hefur tekur mið af markmiðum og stefnu aðalskipulagsins m.a. um umhverfismál og bæjarumhverfi við framfylgd skipulagsmála svo og við mat og afgreiðslu framkvæmda-áforma og skipulagsbreytinga.

5.8. SAMANTEKT

Endurskoðað aðalskipulag Akraness byggist í meginatriðum á stefnu og landnotkun aðalskipulagsins frá 2005.

Helstu umhverfisáhrif af framkvæmdum, sem heimilaðar eru, verða af landfyllingum og hafnarmannvirkjum. Fallið er frá gerð Skarfatangahafnar, sem haft hefði talsverð áhrif á bæjarmynd og umhverfi og er því dregið verulega úr umhverfisáhrifum hafnarframkvæmda. Ekki er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum eða mannvirkjum, sem líkleg eru til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið.

Uppbygging á Sementsreit mun hafa jákvæð áhrif á bæjarmynd og búsetukosti á Akranesi og nýta vel núverandi þjónustukerfi. Jafnframt er vaxtarými innan þjóðveggar aukið.



Mynd 5.8 Á Langasandi.


Breytingar á landnotkun eru að öðru leyti minni háttar og hafa hvorki áhrif á náttúrufar né menningarminjar.

Almennt séð er talið að stefna og útfærsla skipulagsins hafi jákvæð áhrif á byggð og atvinnulíf.

Ekki er talin þörf á sérstökum viðbúnaði, mótvægisáðgerðum eða vöktun vegna framfylgdar aðalskipulagsins umfram það eftirlit sem lögboðnir eftirlitsaðilar sinna.



Mynd 5.9 Breiðin.



Mynd 6.1 Skreiðarhjallar á Breiðinni.



Mynd 6.2 Stakkestæði á Breiðinni.

6. BREYTINGAR

6.1. STAÐFESTAR BREYTINGAR Á GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Tíu breytingar hafa verið gerðar á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 frá staðfestingu þess. Þær eru:

Breyting	Samþykkt	Staðfest
Fráveitumannvirki við Ægisbraut og Stillholt (I 8)	27.11.2007	19.12.2007
Verslunar- og þjónustusvæði við golfvöll (V 11)	8.1.2008	15.2.2008
Íbúðarsvæði við Vallholt (Íb 22)	10.11.2010	31.8.2010
Stækkun hafnarsvæðis H3	14.6.2012	27.6.2012
Verslunar- og þjónustusvæði við Akursbraut (V 12)	16.11.2013	11.12.2013
Kirkjuhvoll og Vesturgata 102 (V 13 og V 14)	13.5.2014	22.5.2014
Iðnaðarsvæði fyrir hitaveitutank við Þjóðbraut (I 7)	13.5.2014	22.5.2014
Garðyrkjustöð og íbúðarsvæði við Þjóðbraut (Íb 18 og O 15)	25.6.2015	26.8.2015
Sementsreitur (M 5, M 6, Íb 14)	12.9.2017	10.11.2017
Dalbrautarreitur, stækkun miðsvæðis (M 4)	10.10.2017	10.11.2017

6.2. BREYTINGAR FRÁ AÐALSKIPULAGI AKRANESS 2005-2017

Eftirtaldar breytingar frá Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 felast í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi:


6.2.1. Breytingar á greinargerð

- Stefna og markmið yfirfarin og endurskoðuð. Ekki er um að ræða meginstefnu-breytingu.
- Nokkrar orðalagsbreytingar og leiðréttingar, sem ekki eiga við meginatriði skipulagsins.
- Helstu forsendur uppfærðar.
- Almennur texti greinargerðar yfirfarinn og uppfærður miðað við breyttar forsendur þar sem það á við.
 - Umfjöllun um ný viðfangsefni bætt við s.s. um sementsreit og miðsvæði 108-M
- Merking landnotkunarreitna endurskoðuð sbr. skipulagsupprátt.
- Ákvæði um landnotkunarflokkka yfirfarin. Minni háttar breytingar.

- Ákvæði um gatnakerfi skýrð, þ.e. hvað skuli háð aðalskipulagi og hvað skuli ákvarðað í deiliskipulagi.
- Umhverfisskýrsla endurskoðuð með hliðsjón af viðfangsefnum endurskoðunar.
- Sérákvæði landnotkunarreita, sem er breytt sbr. 6.2.2, uppfærð.
- 130 og 201-AT Heimild fyrir íbúðir á efri hæð.
- 203-Íb Almenn íbúðarbyggð í stað námsmannaíbúða.
- 212-AT Smiðjuvallasvæðið skilgreint sem athafnasvæði (meginlandnotkun) með ítarlegum skilmálum um verslun og þjónustu.

6.2.2. Breytingar á skipulagsupprætti

- Merking landnotkunarreita endurskoðuð. Staðgreininúmer auðvelda viðhald skipulagsins þar sem hver landnotkunarreit mun halda númeri sínu óháð landnotkun.
- 101-HV Hverfisverndarsvæði stækkað og nær nú yfir Skarfavör.
- 102-H og 120-H Breytt afmörkun hafnarsvæða. Öll höfnin (land og sjór) verður innan marka landnotkunarreitsins.
- 103-H (áður H2) Stækkun hafnarsvæðis. Fallið er frá gerð Skarfatangahafnar og landfylling minnkuð úr 13,5 ha í 5,1 ha.
- 105-AT Athafnasvæði á Breiðinni. Breytt afmörkun vegna brottfalls Skarfatanga-hafnar. Verður 6,5 ha í stað 7,3 ha..
- 130-AT og 201-AT Gert ráð fyrir möguleikum á íbúðarbyggð, t.d. á efri hæðum húsa með atvinnustarfsemi á jarðhæð.
- Landfylling austan við Sementsbryggju stækkuð meðfram Faxabraut, götustæði breikkað út í sjó.
- 212-AT Smiðjuvallasvæði skilgreint sem athafnasvæði með sérskilmálum.
- 215-AF Nýtt svæði, tjaldsvæði í Kalmansvík.
- Landfylling og íbúðarsvæði Íb-16 í Leyni fellt út.
- 301-HV Mörkum hverfisverndarsvæðis breytt. Skerðing á vesturmörkum sem verða við Faxabraut og stækkun í austur og nær svæðið nú yfir fjöruna í Leyni.
- 314-OP Nýtt svæði. Heimild fyrir minni háttar byggingar.
- 318-K Kirkjugarður stækkaður yfir svæði, sem áður var ætlað nýrri kirkju.
- 327, 328, 329 og 410 Afmörkun skógræktar- og útivistarsvæða breytt.
- 406-ÍB og 407-ÍB Skógahverfi stækkað til norðausturs á kostnað skógræktar-svæða.
- 501 Hv Mörk leiðrétt í Kalmansvík, miðast nú við sjóvarnargarð.



Mynd 6.3 Gamli vitinn

- Yfirferð og minni háttar lagfæringar og staðfæringar sem ekki hafa áhrif á nein meginatriði.
- Svæði sem merkt var „skipulagi frestað“ er fellt út. Í stað þess er afmarkað opið svæði, 611-OP, á hugsanlegu vegstæði Grunnavíkurleiðar.
- Gatnakerfi:
 - Hringtorg tekin út. Útfærsla gatnamóta er ekki aðalskipulagsákvæði.
 - Bætt inn tengingum við megingatnakerfi þar sem farið er yfir opið land.
 - Helstu aðalgötur/safngötur í innra gatnakerfinu sýndar til skýringar. Einnig tengingar til austurs við sveitarfélagamörk
- Stígakerfi:
 - Heildarendurskoðun stígakerfis.
 - Aðalstígakerfi verður gisnara en tengistígur sýndir.
 - Reiðleiðir aðgreindar frá útivistarstígum á nokkrum stöðum.

6.3. BREYTINGAR, MÁLSMEÐFERÐ

Aðalskipulag Akraness 2015-2027 er verkfæri til þess að halda utan um stefnu bæjarstjórnar um landnotkun, byggðáþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu. Aðalskipulagið á þannig við meginatriði og meginlínur í skipulagi og umhverfi sveitarfélagsins. Nánari útfærsla einstakra svæða, landnotkunarreita eða gatnakerfis er og verður skilgreind í deiliskipulagi. Aðalskipulag er ekki unnið með sömu nákvæmni og deiliskipulag og því geta nákvæmar deiliskipulagslínur falið í sér minni háttar frávik frá aðalskipulagi án þess að ástæða sé til formlegrar aðalskipulagsbreytingar enda sé ekki um að ræða frávik frá markmiðum eða meginráttum aðalskipulagsins.

Breyttar forsendur, framkvæmdaáform og ný markmið geta kallað á breytingar á aðalskipulaginu, greinargerð og skipulagsuppdrætti. Breytingar á aðalskipulagi lúta sama lýðræðislega ferli og gerð nýs aðalskipulags. Um málsmeðferð vísast til VII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

Kynna skal almenningi og hagsmunaaðilum lýsingu á fyrirhuguðum skipulagsbreytingum í upphafi verks og þeim gefinn kostur á að leggja fram ábendingar eða athugasemdir sem hafðar verða til hliðsjónar við vinnslu verksins. Eftir afgreiðslu bæjarstjórnar er breytingartillaga send Skipulagsstofnun til athagnar og síðan auglýst og gefinn a.m.k. sex vikna athugasemdafrestur sbr. 30. og 31. gr. skipulagslaga.

Óverulegar breytingar, sem hvorki eru líklegar til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila né hafa áhrif á stór svæði, má afgreiða með einfaldari hætti í samráði við Skipulagsstofnun sbr. 36. grein skipulagslaga.

6.3.1. Breytingarblað

Breytingar á aðalskipulagi, verulegar eða óverulegar, skulu settar fram á breytingarblaði, þar sem fram koma á skýran hátt þær breytingar sem gerðar eru. Í stuttri greinargerð skal vera lýsing á breytingunni, tilefni hennar og tilgangi ásamt eftirfarandi þáttum eftir því sem við á:

- **Breyting á greinargerð:** Gera skal grein fyrir breytingum á texta greinargerðar s.s. breytingum á markmiðum, almennum ákvæðum eða sérákvæðum um viðkomandi landnotkunarreit. Birtur skal óbreyttur texti/ákvæði annars vegar og breyttur texti/ákvæði hins vegar.
- **Breyting á skipulagsupprætti:** Sýna skal viðkomandi svæði í sama mælikvarða og aðaluppdráttur skipulagsins er í, annars vegar óbreytt og hins vegar með breytingu.
- **Áhrifamat/umhverfisskýrsla:** Gera skal grein fyrir áhrifum breytingarinnar á umhverfi og samfélag eftir því sem við á. Í áhrifamati getur komið fram rökstuðningur fyrir breytingunni eða þeim ákvæðum sem sett eru. Ef breytingin felur í sér heimildir til framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. 1. gr. (markmið) og 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum fellur hún undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og skal þá lögð fram s.k. umhverfisskýrsla, sem getur verið hluti breytingarblaðsins.

Á mynd 6.3 er sýnt dæmi um breytingarblað vegna breytingar á aðalskipulagi (smækkuð mynd af uppsetningu sem miðast við blaðstærð A3).



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Breyting á aðalskipulagi. Verkheiti

Bjargstjórn Akraness leggur til að aðalskipulagi Akraness 2012-2024 verði breytt á eftirfarandi hátt.

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat. Duis aute irure dolor in reprehenderit in voluptate velit esse cillum dolore eu fugiat nulla pariatur. Excepteur sint occaecat cupidatat non proident, sunt in culpa qui officia deserunt mollit anim id est laborum.

Breytingar á greinargerð

Kaffi x.x íbúðarsvæði

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat.

Gildandi skipulag:

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagskvæði
123-IB	1,1	Svæði	Duis aute irure dolor in reprehenderit	Excepteur sint occaecat cupidatat non proident.

Breytt skipulag:

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed do eiusmod tempor incididunt ut labore et dolore magna aliqua. Ut enim ad minim veniam, quis nostrud exercitation ullamco laboris nisi ut aliquip ex ea commodo consequat.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagskvæði
123-IB	1,1	Svæði	Duis aute irure dolor in reprehenderit	Excepteur sint occaecat cupidatat non proident.

SKÝRINGAR

Aðalskipulag Akraness 2014-2030 sem auglýst hefur verið
skv. 31. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010
var samþykkt íbjarstjórn Akraness
þann _____.

_____ bjarstjórinn á Akranesi

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun
þann _____.

7. KYNNING, AFGREIÐSLA OG SAMÞYKKT

7.1. KYNNING OG SAMRÁÐ

LÝSING

Lýsing á fyrirhugaðri endurskoðun Aðalskipulags Akraness 2005-2017 var kynnt með auglýsingu og pósti til samráðsaðila 8. nóvember 2011. Lýsingin lá frammi á bæjarskrifstofunni og á vefsíðu bæjarins. Í lýsingunni var gerð grein fyrir helstu áherslum, viðfangsefnum og fyrirhuguðum vinnubrögðum við endurskoðunina. Samráðsaðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Hollustuvernd ríkisins
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsnefnd kirkjugarða
- Siglingastofnun
- Náttúrustofa Vesturlands
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Faxaflóahafnir
- Orkuveita Reykjavíkur
- Hvalfjarðarsveit

Eftirfarandi svör bárust:

Skipulagsstofnun	Skipulagsstofnun telur að áætlunin falli undir lög um umhverfismat áætlana þar sem hún markar stefnu um leyfisskyldar framkvæmdir sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum.
Umhverfisstofnun	Engar athugasemdir.
Fornleifavernd ríkisins	Ábendingar. Engar athugasemdir.
Kirkjugarðaráð	Engar athugasemdir.

Kynningarferli - Fyllt í eftir framvindu.

- Almennur kynningarfundur var haldinn 29. maí 2013.
- Kynning fyrir skipulagsnefnd og bæjarstjórn 15. september 2014
- Drög að aðalskipulagi, skipulagsnefnd 14. desember 2015
- Drög að aðalskipulagi, skipulagsnefnd 6. júní 2016

- *Kynningarfundur – endurskoðuð drög 2017*
- Tillagan kynnt aðliggjandi sveitarfélögum og umsagnaraðilum xx.xx.xxxx
- Fyrri umræða í bæjarstjórn, samþykkt að auglýsa tillöguna xx.xx.xxxx.
- Tillagan send Skipulagsstofnun til athugunar xx.xx.xxxx.
- Tillagan auglýst að fengnu álitum Skipulagsstofnunar xx.xx.xxxx.

7.2. AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA

Fyllt í eftir framvindu.

7.2.1. Breytingar frá auglýstri tillögu

Fyllt í eftir framvindu.

7.3. SAMÞYKKT

Aðalskipulag Akraness 2015-2027 sem auglýst hefur verið
skv. 31. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010
var samþykkt í bæjarstjórn Akraness
þann _____.

bæjarstjórinn á Akranesi

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun
þann _____

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda
sem kunna að falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 m.s.br.

8. SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

8.1. AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR, SMÆKKAÐUR Í MKV. 1:30.000

Í lokaútgáfu verður smækkaður uppdráttur (blaðstærð A4) hér.

9. VIÐAUKI


9.1. HÚS SEM NJÓTA FRÍÐUNAR SKV. ALMENNUM ÁKVÆÐUM

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar. (29. gr. laga um menningarminjar).

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis. (Úr 30. gr. laga um Samkvæmt 29. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru eftirtalin hús á Akranesi friðuð frá og með 1. janúar 2013:

Hús friðuð frá 1. janúar 2013:

- Akraneskirkeja byggð 1896, friðuð 1. janúar 1990
- Akurgerði 13, Vesturvellir, byggt 1910
- Breiðargata 8, Thor Jensenshúsið, byggt 1895
- Háteigur 10, Sóleyjartunga, byggt 1907
- Heiðargerði, Melbær, byggt 1895
- Kirkjubraut 22, byggt 1910
- Kirkjubraut 52, Bjarnastaðir líklega byggt á Eyrarbakka 1916 og flutt á Akranes 1928
- Krókatún 2, byggt 1908
- Laugarbraut 19, Brunnastaðir, byggt 1908
- Laugarbraut 7, Bjarg, byggt 1910
- Merkigerði 16, byggt 1908
- Skólabraut 20, Lykkja, byggt 1910
- Skólabraut 33, Sunnuhvoll, byggt 1910
- Skólabraut 9, Gamli iðnskólinn, byggt 1912
- Sunnubraut 26, Melaleiti, byggt 1902
- Vesturgata 101, Kothús, byggt 1908
- Vesturgata 111 B, Frund, byggt 1902
- Vesturgata 23, Hofteigur, byggt 1908



Mynd 9.1 Byggingartímabil fram til 1924. Úr Bæja- og húsakönnun á Akranesi 2009; Guðmundur L. Hafsteinsson.

- Vesturgata 40, Læknishúsið byggt 1896
- Vesturgata 51, Vindhæli, byggt 1910
- Vesturgata 64, Bjargarsteinn, byggt 1908
- Vesturgata 66, Höfn, byggt 1908
- Vesturgata 71 B, Grímsstaðir, byggt 1908
- Vesturgata 78 B, Setberg, byggt 1910
- Vesturgata 95, Svalbarði, byggt 1908

Á byggðasafninu í Görðum eru eftirtalin hús friðuð frá 1. janúar 2013:

- Garðar, byggt 1876-1882
- Hjallur frá Bræðraparti, byggður á síðari hluta 19. aldar
- Neðri-Sýrupartur, byggt 1875
- Sandar, byggt 1901
- Geirastaðir, byggt 1903

Eftirtalin flutningshús við Presthúsabraut eru friðuð frá 1. janúar 2013:

- Presthúsabraut 21, byggt 1910
- Presthúsabraut 22, byggt 1906
- Presthúsabraut 23, byggt 1910
- Presthúsabraut 24, byggt 1906
- Presthúsabraut 25, byggt 1907
- Presthúsabraut 26, byggt 1908
- Presthúsabraut 27, byggt skv. Fasteignamati árið 1955 ATH frekar
- Presthúsabraut 28, byggt skv. Fasteignamati árið 1966 ATH frekar
- Presthúsabraut 29, byggt 1903
- Presthúsabraut 33, byggt 1905
- Presthúsabraut 36, byggt 1896

Hús byggð 1915-1917, friðuð 2015-2017

- Akurgerði 15 A, Austurvellir, byggt 1915
- Akurgerði 15 B, Austurvellir, byggt 1915,
- Breiðargata 8, Vaskhúsið, byggt 1916
- Akranesviti eldri, byggður 1918
- Kirkjubraut 59, Landakot, byggt 1918

Hús sem falla undir 30 gr. laganna um umsagnarskyldu Minjastofnunar Íslands um hús byggð fyrir 1925 og hús sem á næstu árum falla undir 100 ára friðunarákvæði 29. gr. laganna:

- Háteigur 6, Borg, byggt 1920
- Melteigur 9, byggt 1920
- Suðurgata 114, Leirdalur, byggt 1920
- Vesturgata 47, Grund – Elsta Grundin, byggt 1920
- Vesturgata 78, Ás, byggt 1920
- Vesturgata 57, byggt 1921
- Bakkatún 22, byggt 1922
- Melteigur 10, Hraungerði, byggt 1922
- Melteigur 6, Sigurveilir, byggt 1922
- Melteigur 8, Hraungerði, byggt 1922
- Skólabraut 27, byggt 1922
- Suðurgata 42, byggt 1922
- Suðurgata 87, byggt 1922
- Vesturgata 84, Steinar, byggt 1922
- Kirkjubraut 30 – 30A, Nes, byggt 1923
- Skagabraut 10, Esjuberg, byggt 1923
- Vesturgata 73, Lindarbrekka, byggt 1923
- Akurgerði 9, Háþær, byggt 1924
- Akursbraut 17, Sólbakki, byggt 1924
- Bárugata 18, byggt 1924-1945
- Heiðargerði 13, Reykhólar, byggt 1924
- Kirkjubraut 1, byggt 1924
- Kirkjubraut 17, Ásgarður, byggt 1924
- Kirkjubraut 46, Tryggvaskáli, byggt 1924
- Merkigerði 7, Kirkjuhvoll, byggt 1924
- Skólabraut 18, Þórsmörk, byggt 1924
- Vesturgata 69, Nýhöfn, byggt 1924
- Bárugata 20 A, Tunga, byggt 1925-1930
- Kirkjubraut 48, Arnardalur, byggt 1925
- Mánabraut 4, Lögberg, byggt 1925
- Vesturgata 59, Arnarstaður, byggt 1925

